



SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 3. tbl. 2023 / sameyki.is

Konur fara í verkfall

„Prátt fyrir áratugalanga baráttu búum við enn í samfélagi þar sem langlífasti og útbreiddasti faraldurinn sem við eigum við að etja er kynbundið ofbeldi, ásamt því að framlag kvenna til samfélagsins er gróflega vanmetið,” segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir sem skrifar um kvennafrídaginn og segir að konur hafi fengið nóg og leggi niður störf 24. október nk. í því tilefni.

>> Bls. 14

Fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis gríðarlega ólík

Fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis er gríðarlega ólík þegar hún er skoðuð eftir starfsgreinum. Fjárhagsstaða þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu er verst samkvæmt niðurstöðum könnunar Vörðu - Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins fyrir Sameyki. Þá sýna niðurstöðurnar úr könnuninni að fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis er almennt ögn betri en annars félagsfólks í aðildarfélögum BSRB og ASÍ.

>> Bls. 6

„Það þarf alltaf að vera vakandi yfir launamun kynjanna“

Dagur B. Eggertsson hefur verið borgarstjóri í Reykjavík í 10 ár og ræðir um málefni borgarinnar. Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður á landinu og starfsfólk borgarinnar er um ellefu þúsund talsins. Félagsfólk í Sameyki sem starfar hjá Reykjavíkurborg eru liðlega fimm þúsund talsins og er stærsti einstaki hópurinn frá einum vinnustað innan Sameykis. Félagsfólkið samanstendur af 63% kvenna og 37% karla.

>> Bls. 20

Ábyrgðarmaður
Pórarinn Eyfjörð

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar
Axel Jón Ellenarson
Halldór Baldursson
Haraldur Jónasson
Ingólfur Björgvin Jónsson
Kristín Heba Gísladóttir
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Pórarinn Eyfjörð

Prófarkalestur
Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðumynd
Birgir Ísleifur Gunnarsson

EFNISYFIRLIT

- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 Fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis gríðarlega ólík
- 8 Almennigun greiðir fyrir spillingu skipafélaganna
- 9 Baráttan framundan er um hvernig efnahagsmálum er stjórnað
- 11 Öflug stéttarfélag – betri og réttlátari samfélag
- 13 Stéttarfélagin á Íslandi fyrirmynd Norðurlandanna
- 14 Kvennaveikfall 24. október 2023
- 15 Glæsileg uppbygging nýrra orlofshúsa hefst á Úlfjótuvatni
- 16 „Það þarf alltaf að vera vakandi yfir launamun kynjanna“
- 22 Stofnanasamningar kláraðir og komandi kjaraviðræður í óvissu
- 23 Kynferðisleg áreitni á vinnustað brýtur fólk markvisst niður
- 24 Haustsúpan '23
- 26 Gott að vita!
- 28 Af vettvangi Sameykis

Skrifstofa Sameykis

Grettingsgata 89 - 105 Reykjavík
Opíð mánud.-fimmtud.
frá 9:00 - 15:00 og
föstud. 9:00 - 13:00
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er tímaritið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

Kjarasamningar, samfélag og hamingja

Sól fer nú lækandi á lofti og kjarasamningsvetur nálgast. Ljóst er að næstu mánuðir verða að mörgu leyti endurtekið efni frá síðasta vetri. Þá tóku kjarasamningar mið af því að hagkerfið var ekki að vinna með okkur, stríð og orkukreppa í Evrópu, húsnæðismarkaðurinn og stýrivextir í fordæmalausu hækkunarferli o.s.frv., o.s.frv. Vinnumarkaðurinn setti stefnuna á skammtímasamninga til að gefa stjórnvöldum og aðilum markaðarins tækifæri til að taka á vandanum, grípa til aðgerða og koma böndum á verðbólguna. Þá væri hægt í komandi kjarasamningum að líta til lengri tíma því búið væri að ná tökum á ástandinu – en svo er það nú aldeilis ekki. Maður skyldi ætla að í þeim vandasömu verkefnum sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, myndu Seðlabankinn og ríkisstjórnin vinna saman að því að tryggja hagsmuni almennings með róttækum, samhæfum aðgerðum, sem sérstaklega myndu gagnast launafólki, barnafjölskyldum, öldruðum og þeim sem minna mega sín. Það yrði gert með afgerandi verkefnum í millifærslukerfunum okkar og fjármagnað með bankaskatti, verulegri hækkun auðlindagjalda, skattheimtu á stóriðjuna og hvalreka- og auðlegðarskatti. Með öðrum orðum að ríkið myndi ná í sanngjarnan hlut þeirra auðæfa sem til eru í landinu og nota þær tekjur til að koma traustu öryggisneti þangað sem þörfin er mest. Svo ekki sé talað um að koma fjármagnstekju- og arðgreiðslusköttum á eitthvert vitrænt stig, sem þá yrðu um leið notaðir til að fjármagna sveitarfélögin og þeirra mikilvæga hlutverk í gangverki samfélagsins.

Kjarasamningarnir framundan verða væntanlega flóknir og erfiðir. Þær vonir sem stéttarfélag og launafólk batt við ríkisstjórn og atvinnurekendur eru foknar út í veður og vind og ekki að sjá að ríkisstjórnin hafi áhuga á að undirbúa jarðveginn fyrir góðar hugmyndir sem hægt væri að sameinast um og byggja upp samstöðu. Þvert á móti hefur fjármálaráðherra kynnt áform

ríkisstjórnarinnar um 17 milljarða hagræðingu í rekstri stofnana (lesist: niðurskurður) og þar af eigi að lækka launakostnað um 5 milljarða. Þessum markmiðum á meðal annars að ná með uppsögnum á starfsfólki. Þetta eru afar sérstök skilaboð inn í kjaraviðræður og athyglisverðar þakkir frá ríkisstjórninni til þess fólks sem stóð vaktina í að verja samfélagið okkar í þeim versta faraldri sem þjóðin hefur upplifað í langan tíma.

Í stóra samhenginu er einnig hollt að líta aðeins á hvernig núverandi ríkisstjórn hefur staðið sig í að gera samfélagið okkar sterkara, stuðla að betri lýðheilsu og heilbrigði. Að ógleymsdu því mikilvæga verkefni að treysta samfélagið allt, því traustar undirstöður eru forsenda árangurs til lengri tíma og stuðla að samheldni og samstöðu. Árið 2017 tóldu 21,2% fullorðinna landsmanna andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Árið 2022 var það hlutfall komið upp í 32,6%. Fyrir ekki svo ýkja löngu tóldu 80% fullorðinna landsmanna sig hamingjusama. Þetta hlutfall var komið niður í 55,7% á síðasta ári. Árið 2017 áttu 12,3% fullorðinna erfitt með að ná endum saman í heimilisbókhaldu. Árið 2022 var þetta hlutfall komið í 15,5%. Þessar breytingar til hins verra eru ekkert annað en hamfarir. Væru stjórnvöld yfirleitt vakandi myndu þau grípa til neyðaraðgerða til að spyrna við fótum í þessari þróun. Hér spilar allt saman; afkoma, fjárhagsáhyggjur, fjársvelt velferðarkerfi, spilling valdastéttarinnar og grímulaus einkavinavina- og fjölskylduvæðing sameiginlegra eigna þjóðarinnar.

Að líkindum mun reyna verulega á í kjarasamningunum í vetur. Á öllum tímum er samstaðan sterkasta vopn almennings til að breyta samfélaginu, stokka spilin og gefa upp á nýtt.

Aðstæður núna kalla á nauðsyn þess að hagsmunasamtök launafólks standi þétt saman og nái árangri sem vonandi getur lagt grunn að vaxandi velsæld þjóðarinnar og spornað gegn þeirri óheillavegferð sem núverandi stjórnvöld hafa markað sér. ■



Pórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

Starfsmennt býður upp á fjölbreytt námskeið!



Hugsum grænt

- Fjallað verður á mannamáli um þær stóru áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir í umhverfismálum.
- Áhersla verður lögð á möguleika hvers og eins til að minnka umhverfisáhrif og láta gott af sér leiða.



Áfallamiðuð nálgun á vinnustað

- Vilt þú geta komið fram á viðeigandi hátt við skjólstæðinga og/eða samstarfsfólk sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu?
- Áfallamiðuð nálgun miðar að því að skapa umhverfi og aðstæður þar sem fólki finnst það öruggt og ekki er ýtt undir áfallaviðbrögð.



Öryggi í starfi með réttum varnarviðbrögðum

- Það er mikilvægt að kunna að bregðast rétt við ef erfiðar og óæskilegar aðstæður skapast í starfi.
- Megináhersla námskeiðsins er að forðast bein líkamleg átök og ræða leiðir til að róa árásargjarna einstaklinga.

Námskeið Starfsmenntar eru fjölbreytt og miða að því að auka starfsfærni, bæði sértæka og almenna.

Námskeið til að styrkja sjálfstraust, efla færni í upplýsingatækni og takast á við breytingar eru til þess fallin að auka almenna starfshæfni því sú færni nýtist alls staðar á vinnumarkaði. Námskeið um sértæk málefni eru ætluð fólki í ákveðnum starfsgreinum eða starfsmönnum tiltekinna stofnana.

Kynntu þér öll námskeið Starfsmenntar á smennt.is

Gagnrýna harðlega niðurskurð í opinberri þjónustu og uppsagnir opinberra starfsmanna



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, kynnti fyrir helgi í aðdraganda fjárlagafrumvarps sem kemur út í haust aðgerðaáætlun sem ber yfirskriftina - Forgangsráðað fyrir öflugt samfélag.

Gríðarlegur og stjórnlaus vöxtur í ferðaþjónustu með auknu álagi á opinbera þjónustu hefur skapað forsendur fyrir hagvexti og stöðugu gengi krónunnar vegna mikils innflæðis á erlendum gjaldeyri. Fjármálaráðherra boðar að ríkisstofnanir verða lagðar niður, sumar þeirra sameinaðar og fólki sagt upp störfum sem starfar hjá ríkinu. Allt séu þetta aðhaldsaðgerðir. Þá stefnir ríkisstjórnin og fjármálaráðherra að frekari einkavæðingu á ríkiseignum og opinberri þjónustu.

“

Hér er ríkisstjórnin enn á ný að boða niðurskurð sem bitnar á okkar fólki og almenningi í landinu með því að skera niður í grunnþjónustunni og treysta á einkaframtakið og markaðslögmálið í þjónustu sem getur aldrei lotið slíkum lögmálum.

Áætlanir sem brjóta niður samfélagið

Formaður og stjórn Sameykis gagnrýnir þessar aðgerðir harðlega og segir Pórarinn Eyfjörð þessar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar og fjármálaráðherra ekki boða velsæld né að verið sé að skapa hér öflugt samfélag til framtíðar. Þvert á móti, segir Pórarinn að

fjármálaráðherra sé að ýta undir stéttaskipt samfélag og auka á erfiðleika launafólks, ekki síst láglaunafólks sem treystir á þjónustu stofnana ríkisins.

„Hér er ríkisstjórnin enn á ný að boða niðurskurð sem bitnar á okkar fólki og almenningi í landinu með því að skera niður í grunnþjónustunni og treysta á einkaframtakið og markaðslögmálið í þjónustu sem getur aldrei lotið slíkum lögmálum. Þessi grimma hugmyndafræði hægri nýfrjálsbyggjustefnu ríkisstjórnarinnar hefur bitnað gríðarlega illa á íslensku samfélagi þar sem einkavædd grunnþjónusta verður alltaf kostnaðarsamari fyrir almenning á endanum. Leynt og ljóst er verið að auka byrðar og ábyrgð launafólks á rekstri ríkisins. Á fundi Bjarna kom skýrt fram að hann hefur ekki kjark né vilja til að sækja auknar tekjur í þann þátt samfélagsins sem veldur mestri þenslu í efnahagslífinu eða að stíga inn og stýra neinu í því sem tengist ferðamannaíðnaðinum.



Þetta er óábyrg efnahagsstjórn þar sem tekjustofnar ríkisins eru ekki nýttir sem skyldi og byrðarnar eru þyngdar hjá láglauna- og millitekjuhópunum sem greiða einfaldlega hlutfallslega hærrí skatta en fólk í efstu lögum samfélagsins. Skattar eru lægri hjá þeim ríkustu sem greiða sér tekjur í formi fjármagnstekna og þannig er þeim hlíft við að greiða sanngjarnar skattgreiðslur til samfélagsins en um leið nýta sér alla þá þjónustu sem í boði er. Hluti af þessu víðáttuvitlausu kerfi er að auðmenn og konur greiða ekki útsvar af þessum fjármagnstekjum og svíkjust þannig undan að standa undir grunnþjónustu sveitarfélaganna sem það býr í. Í raun er verið að brjóta niður innviðina og samfélagið allt. Við hjá Sameyki mótmælum harðlega þessum fyrirætlunum og enn einni aðför fjármálaráðherrans og ríkisstjórnarinnar að launafólkinu í landinu. Ef ríkisstjórnin væri að vinna fyrir almenning í landinu þá myndi hún leggja meira fé í uppbyggingu innviðanna og styrkja stofnanirnar, því þannig er best að forgangsráða fyrir öflugt samfélag til framtíðar, en það er augljóslega ekki á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar að skapa hér velsæld og jöfnuð,“ segir Pórarinn Eyfjörð formaður Sameykis. ■

Ályktun stjórnar um tillögu forstjóra Kauphallarinnar að einkavæða Landsvirkjun

Stjórn Sameykis lýsir sig andvíga hugmyndum um einkavæðingu Landsvirkjunar.

Í viðtali við forstjóra Kauphallarinnar í þættinum Dagmál á mbl.is ræddi forstjóri Kauphallarinnar um jákvæðar afleiðingar þess að 20 prósentu hlutur í Landsvirkjun yrði seldur. Þá nefndi forstjórinn að slík sala myndi laða að erlenda fjárfesta vegna stærðar fyrirtækisins og sérstöðu Landsvirkjunar í orkuöflun. Þá taldi hann að með því að einkavæða 20 prósentu hlut myndi íslenski markaðurinn komast upp um flokk í MSCI-vísitölufyrirtækinu sem myndi hafa jákvæð áhrif á fjármagnsinnflæði. Þessar hugmyndir sem ganga út á að komast yfir auðlindir þjóðarinnar eru fjarstæðukenndar. Því miður er þetta þó ekkert einsdæmi



eins og almenningur hefur orðið vitni að þessi misserin í viðskiptalífinu og í íslenskum stjórnámálum.

Reynsla Íslendinga af einkavæðingu opinberra stofnana og innviða er þeim í fersku minni. Það er aðkallandi að samfélagið, stjórn málin og almenningur allur standi núna vörð um eigur þjóðarinnar. Stöðva þarf ásælni þessara

“

Stöðva þarf ásælni þessara fjármálaafli í eigur þjóðarinnar.

fjármálaafli í eigur þjóðarinnar. Nú þegar er verið að selja vatsauðlindir, búið er að selja stóran hluta Íslandsbanka og

fleiri innviðafyrirtækja í grunnþjónustunni, svo ekki sé minnst á hvernig búið er að afhenda þröngum hópi okkar sameiginlegu fiskveiðiauðlind.

Stjórn Sameykis mótmælir harðlega þessum málfutningi og hvetur almenning til að standa vörð um sameiginlegar eigur þjóðarinnar. ■

Nýtt starfsfólk á skrifstofu Sameykis



Ingólfur Björgvin Jónsson.

Ingólfur Björgvin Jónsson hefur verið ráðinn deildarstjóri kjaradeildar hjá Sameyki. Hann starfaði áður í kjaramáli hjá Eflingu stéttarfélagi og sem sviðsstjóri vinnuréttindasviðs

sl. 3 ár hjá félaginu. Ingólfur Björgvin lauk við D-vottun í verkefnastjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands 2022.

Ingólfur Björgvin er fæddur í Reykjavík 1984 en ólst upp í Hafnarfirði þar sem hann býr með eiginkonu sinni Stefaníu Eir Ómarsdóttur og tveimur börnum þeirra. ■



Sigdís Þóra Sigþórsdóttir.

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir hefur verið ráðin í starf sérfræðings í kjaradeild Sameykis.

Hún er menntuð félagsfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði áður á vinnuréttindasviði hjá Eflingu stéttarfélagi, en þar áður á mannauðssviði hjá Hrafnistu í verkefnum tengdum mönnun og innleiðingu styttingar vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki.

Sigdís Þóra er fædd árið 1984 og býr í Kópavogi ásamt eiginmanni sínum Ingvari Óskarssyni og þremur börnum þeirra. ■



Vilhjálmur Ólafsson.

Vilhjálmur Ólafsson hefur verið ráðinn í starf rekstrarstjóra fasteigna orlofssjóðs Sameykis.

Hann starfaði áður sem tæknistjóri á fréttastofu Ríkisútvarpsins og þar áður hjá 365 miðlum.

Vilhjálmur hóf nám við byggingafræði í Háskólanum í Reykjavík árið 2019. Í námi sínu hefur hann lagt áherslu á breytingar og uppbyggingu sumarhúsa. Hann mun ljúka námi með fram starfi sínu hjá Sameyki.

Vilhjálmur býr með eiginkonu sinni Freyju Steingrimsdóttur og dóttur þeirra í miðbæ Reykjavíkur. ■



Nokkur munur sést á stöðu félagsfólks Sameykis á húsnæðismarkaði eftir því í hvaða starfsgreinum það starfar.

Fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis gríðarlega ólík

Eftir Kristínu Hebu Gísladóttur

Fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis er almennt ögn betri en annars félagsfólks í aðildarfélögum BSRB og ASÍ. Þetta sýna niðurstöður könnunar Vörðu – Rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins sem unnar voru upp úr könnuninni um stöðu launafólks á Íslandi, að beiðni Sameykis.




Þegar fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis er borin saman við meðaltalsstöðu félagsfólks í öðrum aðildarfélögum BSRB og ASÍ á svipað hlutfall erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (18% á móti 19%) og hærra hlutfall á nokkuð auðvelt með að ná endum saman (36% á móti 33%). Hærra hlutfall Sameykisfólks gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar (54% á móti 50%). Einnig býr lægra hlutfall við efnislegan skort (9% á móti 10%) og hefur þurft á einhvers konar fjárhagsaðstoð að halda á síðastliðnu ári (13% á móti 14%).

Mikill munur á fjárhagsstöðu félagsfólks eftir starfsgreinum

Ofangreindar tölur segja hins vegar aðeins hálfá söguna því fjárhagsstaða félagsfólks Sameykis er gríðarlega ólík þegar hún er skoðuð eftir starfsgreinum. Niðurstöðurnar sýna að

Fjárhagsstaða félagsfólks í Sameyki borin saman við meðaltals stöðu félagsfólks í öðrum aðildarfélögum BSRB og ASÍ




fjárhagsstaða þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu er verst. Staða þeirra sem starfa við fræðslu-, uppeldis-, kennslu og tómstundastörf (hér eftir nefnt fræðslustörf) og í öðrum greinum er einnig nokkuð verri en þeirra sem starfa við stjórnsýslu, fjármálaþjónustu, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf (hér eftir nefnd skrifstofustörf).

Fjárhagsstaða fólks í heilbrigðisþjónustu verst

Um fjórðungur (25%) þeirra sem starfa við heilbrigðisþjónustu innan Sameykis á erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman og ríflega helmingur (53%) gæti ekki mætt óvæntum

Staða heilbrigðisstarfsfólks innan Sameykis



80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Riflega einn af hverjum tíu (10%) hefur ekki efni á staðgóðri máltíð annan hvern dag og nánast sama hlutfall (11%) hefur ekki efni á bíl. Meira en fjórðungur hefur ekki efni á árlegu frí með fjölskyldu sinni (27%). Tæpur fimmtungur (18%) hefur þurft að fá aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi peninga- eða matargjafa á síðastliðnu ári. Verri fjárhagsstaða foreldra sem eru félagar í Sameyki og starfa í heilbrigðisþjónustu birtist einnig þegar lítið er til kostnaðarsamra þátta sem fylgja því að vera með börn á heimili. Tæplega fjórðungur (23%) þeirra hefur til að mynda ekki getað keypt nauðsynlegan klæðnað fyrir börnin sín, tæplega fimmtungur (19%) hefur ekki haft efni á eins næringarríkum mat og þau telja börnin sín þurfa og sama hlutfall (19%) hefur ekki getað greitt kostnað vegna félagslífs barna sinna, eins og að fara í bíó með vinum eða í afmæli til vina.

Staða á húsnæðismarkaði ólík eftir starfsgreinum

Staða launafólks á húsnæðismarkaði hefur mikil áhrif á lífskjör þess og niðurstöður kannana Vörðu hafa ítrekað sýnt að þeir hópar sem búa við verri fjárhagsstöðu eru að sama skapi í meiri mæli á hinum almenna leigumarkaði þó að niðurstöðurnar segi ekki til um orsakasamhengið. Þegar staða félagsfólks Sameykis á húsnæðismarkaði er greind sést að hærra hlutfall er í eigin húsnæði (74% á móti 62%) og lægra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (14% á móti 25%) samanborið við annað félagsfólk í aðildarfélagum BSRB og ASÍ. Meðaltalstölurnar gefa þó ekki rétta mynd af stöðu ólíkra hópa. Nokkur munur sést á stöðu félagsfólks Sameykis á húsnæðismarkaði eftir því í hvaða starfsgreinum það starfar. Lægst er hlutfall þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu og búa í eigin húsnæði (62%), næstlægst meðal þeirra sem eru í fræðslustörfum (68%), því næst meðal þeirra sem eru í öðrum störfum (72%) en langhæst hjá félagsfólki í skrifstofustörfum (85%). Að sama skapi er hæst hlutfall félagsfólks í heilbrigðisþjónustu sem er á almennum leigumarkaði (19%), því næst í fræðslustarfsemi (17%) og öðrum störfum (17%) en lægst meðal þeirra sem eru í skrifstofustörfum (9%).

Sama mynd birtist þegar lítið er til byrði húsnæðiskostnaðar. Að meðaltali býr lægra hlutfall félagsfólks Sameykis við þunga


byrði af húsnæðiskostnaði (30% á móti 36%) samanborið við meðaltalstölur fyrir félagsfólk í aðildarfélagum BSRB og ASÍ. Þegar byrði húsnæðiskostnaðar er skoðuð eftir starfsgreinum innan félagsins kemur í ljós að þau sem starfa í heilbrigðisþjónustu búa í mestum mæli við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (39%), því næst þau sem eru í fræðslustörfum (35%) og öðrum störfum (30%) en hlutfallið er talsvert lægra meðal fólks í skrifstofustörfum (23%).

Gögn og greiningar og gildi þeirra

Í almennri umræðu er sífellt kallað

eftir ítarlegri gögnum og greiningu þegar samfélagsleg viðfangsefni eru til umfjöllunar. Þetta ákall var að nokkru leyti grundvöllur þess að BSRB og ASÍ ákváðu að setja á fót Vörðu – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. Markmiðið var að verkalýðshreyfingin gæti með þeim hætti staðið fyrir rannsóknum og fylgst með afkomu og lífskjörum félaganna. Eitt umfangsmesta verkefni Vörðu er árleg könnun um

Staða félagsfólks í Sameyki á húsnæðismarkaði eftir starfsgreinum



stöðu launafólks á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar veita yfirgripsmiklar upplýsingar um fjárhagsstöðu og heilsu launafólks og eru grundvöllur þeirra upplýsinga sem hér koma fram.

Greiningar og gögn eru til margs góð og nauðsynleg en mikilvægt er að hugað sé að því hvernig er farið með þau. Meðaltöl segja oft og tíðum eingöngu hálfá söguna og því nauðsynlegt að gefa kafað dýpra til að gefa rétta mynd af stöðu mismunandi hópa. Niðurstöður könnunarinnar um stöðu launafólks fyrir Sameyki sýna einmitt þetta. Staða félagsfólks Sameykis er að meðaltali góð miðað við meðaltalsstöðu félagsfólks í öðrum aðildarfélagum BSRB og ASÍ. Það er hins vegar augljóst að fjárhagsstaða hjá félagsfólki Sameykis er ólík eftir atvinnugreinum. Slíkar upplýsingar eru mikilvægt leiðarljós í starfsemi stéttarfélaganna, kjarasamningsviðræðum og mótun áherslna gagnvart stjórnvöldum. ■

Höfundur er framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins.

Almenningur greiðir fyrir spillingu skipafélaganna

Eftir Pórarin Eyfjörð

Eimskip og Samskip hafa verið sektuð vegna brota á samkeppnislögum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram hvernig félögin hafa stórskaðað hagsmuni almennings með því að stunda glæpsamlegt samráð um innflutning á vörum til landsins. Slíkt samráð bitnar illa á hagsmunum neytenda í landinu. Þessi skipafélög hafa með háttarni sínu skaðað þannig neytendamarkað, stuðlað að hærra vöruverði í landinu og grafið undan trausti í samfélaginu með spilltum stjórnunarháttum. Sterk rök eru fyrir því að afnema þá einokunarstöðu sem þessi skipafélög eru í og opna fyrir samkeppni í skipaflutningum til landsins.



Viðbrögð ríkisstjórnarinnar - veikja stofnanir og leggja niður Samkeppniseftirlitið

Þessi græðgi, virðingarleysi fyrir almenningi og lágur siðferðisþröskuldur í viðskiptum skipafélaganna, ber vitni um þá

“

Ríkisstjórnin verður nú að taka í taumana og bregðast við, efla eftirlitsstofnanir þjóðarinnar svo um munar í stað þess að veikja þær, viðurkenna spillinguna sem grasserar undir niðri og stöðva aðförina gegn almenningi.

að hækka á meðan skattbyrði fyrirtækja hefur lækkað. Eins var farið með Þjóðhagsstofnun og þá eru uppi áform um að leggja Bankasýsluna niður sem viðbrögð vegna sölunnar á Íslandsbanka. Með því að veikja eftirlit með samkeppni hér á landi er verið að stuðla að spillingu í viðskiptum á Íslandi. Með því að veikja eftirlitsstofnanir er í raun verið að skipta verðmætum þjóðarinnar á einokunarmarkaði milli valinna einstaklinga, flokksgræðinga og fyrirtækja þeirra. Almenningur skal éta það sem úti frýs og greiða

fyrir spillinguna. Íslendingar búa við fákeppni, fyrirgreiðslupólítík og veikar eftirlitsstofnanir; greiða fyrir með hærra vöruverði og háu vaxtastigi. Undanfarin misseri höfum við orðið vitni að mikilli spillingu og milljarðagróða þeirra sem fá símtal á kvöldin um að Íslandsbankasteikin sé tilbúin á grillinu.

Aðför að lýðræðinu

Ríkisstjórnin verður nú að taka í taumana og bregðast við, efla eftirlitsstofnanir þjóðarinnar svo um munar í stað þess að veikja þær, viðurkenna spillinguna sem grasserar undir niðri og stöðva aðförina gegn almenningi. Ríkisstjórnin veit jafnvel og almenningur að hér ríkir spilling. Hvar annarsstaðar en í spillingarlandi eru



eftirlitsstofnanirnar lagðar niður svo hægt sé að fela spillinguna og veikja lýðræðið? Allir vita hverjar afleiðingarnar af því eru. Nauðsynlegt er að gera lagabreytingar til að verja lýðræðið gegn spillingu og siðferðisbrestum þessara fyrirtækja og einstaklinga sem ræna þjóðina og vinna að því að skemma samfélagið. Þeir einstaklingar sem standa að þessari spillingu þurfa að sæta persónulegri ábyrgð samkvæmt lögum.

Viðskiptafrelsi og samkeppni

Faxaflóahafnir sf. er samlagsfélag um rekstur hafna Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Almenningur á suðvesturhorni landsins á Faxaflóahafnir. Þessi sveitarfélög ættu að þrýsta á stjórnvöld, vegna hagsmuna almennings, að ríkisstjórnin rjúfi einokunarstöðu þessa skipafélaga, uppræti spillinguna sem þarna ríkir og bjóði öðrum útlendum skipafyrirtækjum að sigla með vörur til landsins. Viljum við ekki viðskiptafrelsi og heilbrigða samkeppni í stað einokunar? Það verður að vera til staðar öflugt Samkeppniseftirlit, stofnun sem fylgist með starfsemi fyrirtækjanna svo almenningi verði ekki boðið upp á maðkað mjöl áfram. Tryggja verður að einokun Eimskips og Samskipa hafi nú runnið sitt skeið á enda.

Stjórnvöld verða að grípa í taumana, stöðva þessa glæpastarfsemi og standa með þjóðinni í stað þess næra spillinguna með þögn og aðgerðaleysi. ■



Sonja Ýr Þorbergsdóttir flytur erindi um samstöðu, verkafélagsbaráttu og nýja sýn á efnahagsstjórn á fjölmennum fundi hjá trúnaðarmannaráði.

Baráttan framundan er um stjórn efnahagsmála

Eftir Axel Jón Ellenarson

Pórarinn Eyfjörð setti fund í trúnaðarmannaráði Sameykis sem haldinn var 19. september í Gullhömrum í Grafarvogi.

Mjög góð mæting var á fundinn, formaður Sameykis bauð alla trúnaðarmenn félagsins velkomna og hvatti þá til dáða í störfum sínum.



„Síðasta vor var haldin kosning í trúnaðarmannaráð og það er sérstaklega mikið fagnaðar efni að sjá ykkur svo mörg ný héra á dag. Það má segja að algjör endurnýjun hafi orðið í ráðinu. Allir þræðir

liggja í gegnum trúnaðarmannaráðið og án þess er sambandslaust við félagið. Verið öll velkomin hingað í dag,“ sagði Pórarinn.

Við erum sterkust saman

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, hélt erindi sem hún nefndi „Saman vinnum við stóru sigrana“. Þetta erindi flutti hún áður á ráðstefnu NTR sem haldin var í júní sl. og má lesa um á bls. 12. Hún sagðist vona að erindið myndi hjálpa trúnaðarmönnum til að móta stefnuna í kjarasamningum en líka til að eiga samræður um hvernig ríkisstjórnin tekur ákvarðanir sem varðar launafólk og samfélagið í heild sinni. Sonja Ýr sagði að hvernig við sem þjóð mælum hagvöxt væri úrelt.

„Ef við ætlum að byggja upp samfélag samkenndar og velsældar þarf að stokka upp hvernig efnahagsmálum er stjórnað og hvernig „kökunni“ er skipt,“ sagði Sonja Ýr. Þá spurði hún salinn hvort þau þekktu til þess að ríkisstjórnin hefði sett velsældarmælikvarða hér á landi. Fáir ef nokkrir í salnum minntust þess.

„Það var gert fyrir nokkrum árum og í raun er ríkisstjórnin núna að kynna velsældarmælikvarða á fundi Sameinuðu þjóðanna þessa dagana. Það sem ríkisstjórnin er að kynna þar er velsæld út frá heildarhagvexti. Hún er ekki að nota tölurnar á grundvelli breytilegra hópa í samfélaginu eins og við viljum gera – með því að mæla velsæld og hagvöxt út frá hópum innan samfélagsins. Með því að huga að og bæta hag hópanna verða þeir ekki útundan í velsældarmælikvarðanum. Um er að ræða störf kvennastétta í

umönnunargeiranum og þeim sem starfa grunnþjónustunni. Ef við tryggjum ekki fjárhagslegt sjálfstæði kvenna getum við ekki tryggt öryggi þeirra. Við megum ekki gleyma þessum hópum þegar við mótum stefnuna,“ sagði Sonja Ýr.

Áform ríkisstjórnarinnar boða ekki gott

Formaður Sameykis, Pórarinn Eyfjörð, ræddi um komandi kjarasamninga. Hann sagðist ekki vera beinlínis bjartsýnn á kjaraviðræðurnar sem framundan eru um leið og ríkisstjórnin boðar mikinn niðurskurð, uppsagnir starfsmanna ríkisins og minnkandi fjárveitingu ríkisins til stofnana. Það boðaði ekki neitt gott.

„Við erum að fara af stað í sömu hringekjuna í kjarasamningunum við ríkið og síðar við Samband íslenskra sveitarfélaga sem Sonja og BSRB leiddu til lykta. Verkfallið í vor var harkalegt og samningaviðræðurnar sjálfar voru mér ekki geðfelldar. Ég hef ekki orðið vitni að slíkri framkomu viðsemjenda okkar áður. Vissulega fylgir því félagslegur gróði að fara í verkfall því viðsemjandanum er auðvitað hollt að vita að hægt er að grípa til öflugrar og harðrar baráttu ef kröfurnar eru ósanngjarnar fyrir okkar fólk. Þetta fór þannig í vor eins og við vitum að Samband íslenskra sveitarfélaga þurfti að lokum að greiða helmingi meira en ef þau hefðu gengið að kröfum okkar og samið strax. Hægt var að komast hjá verkfalli og þessum átökum. Þessi árangur byggði á samstöðu okkar félagsfólks innan BSRB,“ sagði Pórarinn á fundinum.

Spurður um hverjar væntingar hans væru til komandi kjarasamninga, svaraði Pórarinn að hann væri ekki beinlínis bjartsýnn.

„Ríkisstjórnin boðar uppsagnir starfsmanna ríkisins í stórum stíl, niðurskurð í starfsemi ríkisstofnana og þar fram eftir götum. Þessi áform ríkisstjórnarinnar vekja ekki vonir um farsælar kjaraviðræður framundan; að ríkisstjórnin ætli að segja upp ríkisstarfsmönnum í stórum stíl og skera niður fjárveitingu til stofnana ríkisins sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir þjóðina. Ég er ekki beint bjartsýnn,“ sagði Pórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis. ■



Ráðstefnugestir á lokadegi.



Hin miklu óhreyfanlegu átök.



Þórarinn Eyfjörð í pallborðsumræðu.

Öflug stéttarfélag – betri

Eftir Axel Jón Ellenarson

Á samnorrænni ráðstefnu stéttarféлага opinberra starfsmanna í Arild á Skáni í Svíþjóð hittust formenn og starfsfólk stéttarfélaganna á Norðurlöndum. Helsta umræðuefnið á ráðstefnunni var að þessu sinni loftslagsmál, þjóðaröryggismál og notkun gervigreindar. Sjö manna hópur úr stjórn Sameykis ásamt starfsfólki sótti ráðstefnuna sem stóð yfir í tvo daga í lok ágúst sl.



Við setningu ráðstefnunnar sagði Britta Lejon hjá ST stéttarfélagi (Fackförbundet ST) í Svíþjóð að miklar breytingar hefðu orðið í Evrópu vegna innrásar Rússa í Úkraínu og þeim þjóðum, sem byggja næst við átaksvæðin, stæði ógn af átökunum. Þá ríkti órói og óvissa á vettvangi stjórnmalanna og ýmsar öfgar færur vaxandi í löndunum. „Því er mikilvægt að lýðræðislegar stofnanir, stéttarfélag og bandalög þeirra séu sterk og sjálfstæð svo þau geti brugðist við þessum breytingum. Það er mjög mikilvægt að forystufólk og starfsfólk stéttarfélaganna á Norðurlöndum hittist reglulega til að styrkja samstarfið og efla vitund um stöðu landanna á vettvangi vinnumarkaðarins og stjórnarfar þeirra. Við eigum eftir að ræða mikið um loftslagshlýnunina á þessari ráðstefnu sem ekki hefur farið hjá neinum og kannski komumst við að því hvernig best er að bregðast við henni. Einnig munum við tala um vinnumarkaðinn og hvers vegna öflug stéttarfélag skapa aðhald fyrir stjórnmalin og stuðla að betri og réttlátari samfélögum okkar þjóða,“ sagði Britta Lejon.

Norrænu löndin taki forystu

Anne Linell sem stjórnaði pallborðsumræðum taldi upp mikilvægi

þess að þjóðir Norðurlandanna tækju forystu í loftslagsmálum og sýndu með aðgerðum að þeim væri alvara.

Ritari ST stéttarfélagsins í Svíþjóð, Tomas Oskarsson, sagði að ríkisstjórnin þar í landi virtist ekki kæra sig um loftslagsmál og það væru nokkur vonbrigði. „Í Svíþjóð hefur verið nokkur afturför vegna þess að ríkisstjórnin leggur ekki nógu mikla áherslu á þennan málaflokk. Umhverfisráðherra Svíþjóðar hefur ekki tjáð sig með afgerandi hætti um loftslagsvána og ég er mjög áhyggjufullur vegna afstöðuleysis ráðherrans.“

Súni Falkvard Selfoss, formaður Starvsfélagsins, stéttarfélags opinberra starfsmanna í Færeyjum, sagði að stefnt væri að orkuskiptum sem fólgin væru í að hætta notkun jarðolíu. „Þetta er gert með því að koma fyrir eins konar túrbínunum á hafsbotni milli eyjanna sem virkja hafstraumana og sjávarföllin. Við hjá Starvsfélaginu höfum verið með í þessum ákvörðunum og það er mikilvægt að verkalýðsfélagið okkar sé virkt og taki þátt í ákvörðunum sem varða samfélagið okkar,“ sagði Súni Falkvard Selfoss.

Þórarinn Eyfjörð sagði að stéttarfélagin gætu eftir þekkingu er varðar umhverfismál almennt. „Varðandi stóru myndina er ferðamannaíðnaðurinn stjórnlaus og veldur mikill mengun. Innviðirnir þola ekki þetta mikla álag sem ferðamannaíðnaðurinn skapar. Þá hefur landið aukið stórlega innflutning á olíu. Mesta mengunin á Íslandi er frá stóriðju, álbræðslunni sem notar 85 prósent af öllu rafmagni sem framleitt er á Íslandi. Við þurfum að setja stjórnlausum vexti í ferðamannaíðnaðinum skorður með því að auka gjaldtöku. Einnig þarf að leggja sanngjarna skatta á áliðnaðinn á Íslandi



Tomas Oskarsson, Þórarinn Eyfjörð og Súi Falkvard Selfoss.



Anna Linell, umhverfisfræðingur og þjóðfræðingur.



Anna Linell spjallar við áhugasama.



Skipuleggjandi ráðstefunnar, Britta Lejon hjá ST, fyrir miðju. Ann-Therése Enarsson.



ri og réttlátari samfélög

sem flytur allan hagnaðinn úr landinu. Þetta tel ég vera nauðsynlegt að komist til framkvæmda í okkar samfélagi til að bregðast við loftslagsvandinum," sagði Þórarinn.

Breytt heimsmynd

Lars Holmqvist, sérfræðingur í þjóðaröryggismálum, fjallaði um breytta heimsmynd á ráðstefnunni. Hann sagði að heimsmyndin hverfðist öll um öflugustu ríki heimsins; Bandaríkin, Kína, Rússland, Indland, Þýskaland, Bretland, Japan, Frakkland, Ítalíu og Suður-Kóreu. Hin ríkin eru fyrir utan hringinn, miðju heimsmyndarinnar, og sum ríki mjög utarlega eins og Norður-löndin í þessari nálgun. Þau hafa því litla þýðingu í þessu samhengi þegar kemur að stríðsátökum stórveldanna – eðlilega vegna smæðar sinnar.

„Þjóðir heimsins eiga öll eða allflest í átökum sín á milli. Í Evrópu og sérstaklega í Skandinavíu gilda t.d. lúthersk lífsgildi, sem eru auðvitað mjög ólík mörgum gildum öflugustu ríkja heimsins, og því er mikilvægt að við skiljum gildi annarra þjóða, sérstaklega með tilliti til þjóðaröryggis svo hægt sé að komast hjá hernaðaráttökum. Lúthersku lífsgildin binda þannig Evrópuþjóðirnar saman má segja vegna sameiginlegra grunngilda. Þjóðir heimsins eiga í átökum, ekki endilega með vopnum heldur líka pólitískum og átökum milli hugmyndakerfa. Þá eru notaðar rafrænar aðferðir til að ráðast að hugmyndakerfum í samfélögum þjóðanna til að hafa áhrif og ná völdum, en einnig til að valda skaða," sagði Lars.

Gervigreindinni þarf að setja regluverk

Ann-Therése Enarsson er eigandi og starfandi sérfræðingur í gervigreind á sænskum vinnumarkaði hjá hugsmiðjunni

Fururion. Hún sagði í fyrirlestri um fyrirbærið að gervigreindin væri vissulega komin til að vera en rata þyrfti um þann frumskóg með því að setja vinnumarkaðnum reglur um hvernig hann nýtir sér gervigreindina. Um þessar reglur þyrfti að eiga sér stað samtal, ekki síst innan stéttarfélaganna.

„Talið er að gervigreindin hafi mikil áhrif á vinnumarkaðinn í framtíðinni. Gervigreindin mun án efa breyta störfum, einfalda þau og önnur störf munu leggjast af. Stærstu breytingarnar verða í tæknigeiranum, fjölmiðlagreinum, kennslu og annarri fjölbreyttri þjónustu sem veitt er í gegnum opinbera og almenna vinnumarkaðinn.

Gervigreindin er bæði spennandi og ógnvekjandi. Ýmis gervigreind er notuð til að skapa sögufléttur í t.d. skáldsögum og handritum að ýmsu sjónvarpsefni. Við þekkjum muninn á hvað er gervigreind og hvað er ekki gervigreind, en í framtíðinni verður munurinn óljósari. Nú þegar er tónlistarfólk komið í hár saman vegna þeirrar tónlistar sem gervigreindin semur fyrir það vegna þess hve munurinn á gervigreind og frumsömdum lögum höfundar er orðinn óljós. Ég tel það vera af hinu góða að skapa reglur um hvernig gervigreind er notuð því ógnin við gervigreindina liggur t.d. í ófgakenndri umræðu, falsfréttum o.s.frv.


Ég hef áhyggjur af þeim störfum sem ungt fólk fer á mis við þegar gervigreindin leysir þau af hólmi. Því þarf vinnumarkaðurinn að passa vel upp á að hann nýti sér ofurkrafta unga fólksins sem liggja í hvernig það nýtir sér tækni, samfélagsmiðla og aflar sér upplýsinga. Ungu fólk aðlagar sig hratt að breytingum og því er framtíðin þeirra á þessu sviði," sagði Ann-Therése Enarsson. ■



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson.



Laust Høgedahl. Norðurlöndin – næsta ofurfyrirsætan?



Lisa Gastaldi. Lýðræði hallar undan fæti.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB flutti áhrifaríkt erindi um nýjar hagfræðikenningar



Knut Roger, framkvæmdastjóri NTR færir forseta Íslands blómvönd sem þakklaetisvott.



Arna J. Björnsdóttir, formaður Kjalar afhendir formanni HK, Lenu Roget, formennskuna.

Stéttarfélagin á Íslandi fyrir

Eftir Axel Jón Ellenarson

Á samnorrænni ráðstefnu opinberra starfsmanna á sveitarstjórnarstiginu, NTR, sem haldin var hér á landi snemma sumars, var fjallað um vinnumarkað landanna og stéttarfélag sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi.



Laust Høgedahl, vinnumarkaðsfræðingur við Álaborgarháskóla, flutti fyrirlestur um norræna vinnumarkaðsmódelið. Hann sagði þjóðirnar eiga mikla möguleika á að læra hver af annarri hvernig vinnumarkaðurinn gæti þróast áfram og á stéttarfélagssviðinu væri Ísland fyrirmyndarríkið. Hins vegar bæri að varast starfsemi gulra stéttarféлага sem eru hliðholl vinnuveitendum.

„Því miður eru margir á Norðurlöndum ekki í verkalýðsfélögum. Þá hefur launafólk ekki fulltrúa fyrir sína hönd né nýtur vinnuréttinda. Ef fólk er ekki í stéttarfélagi þá tapar það gæðum sem vinnuréttindum fylgja. Þá eru hin svokölluðu gulu stéttarfélag vandamál. Þau eru hliðholl vinnuveitendum og eru 14 prósent verkalýðsfélaga í Danmörku. Margir uppgötva að þau eru ekki raunveruleg verkalýðsfélög og launafólk snýr sér þá til hinna raunverulegu verkalýðsfélaga og gengur í þau. Ísland er eina landið þar sem þátttaka í verkalýðsfélögum er mikil. Ísland er fyrirmyndarríki varðandi þátttöku launafólks í verkalýðsfélögum. Við þurfum að horfa til hvernig Ísland gerir þetta á meðan t.d. þátttaka í verkalýðsfélögum í Danmörku dregst saman. Við þurfum að skoða hvort við getum tekið upp þetta vinnumarkaðsmódel í Danmörku. Á Íslandi fylgja mikil réttindi að vera í stéttarfélagum sem ekki fyrirfinnst á Norðurlöndunum; ríkur veikindaréttur, víðtækt styrkja- og bótakerfi, orlofskerfi og ýmisleg fleiri réttindi. Varðandi gíggarastörfin þá fylgir engin ábyrgð vinnuveitanda né þátttaka

þess fólks í verkalýðshreyfingunni, og þar með virkri þátttöku í uppbyggingu velferðarsamfélagsins – norræna módelins,“ sagði Laust Høgedahl.

„Þetta reddast“

Forseti Íslands gerði að umtalsefni hið frjállega viðhorfi Íslendinga „þetta reddast“ þegar allt virðist komið í skrufuna. Forsetinn vitnaði í bók danska rithöfundarins og fjölmiðlakonunnar Signe Amtoft sem ber heitið Det ordner sig. Í henni segir hún frá ferð sinni um Ísland og rannsókn hennar á meintum þjóðareinkennum Íslendinga sem megi draga saman í máltækinu „þetta reddast“. Forsetinn er meðal viðmælanda í bókinni og á fundi hans og Amtoft ræddu þau um þjóðareðli Íslendinga og klisjur og sannindi sem tengjast umræðum á þeim vettvangi. Forsetinn sagði bókina afbragðsgóða um hugtakið „þetta reddast“.

„Ég sagði henni frá jákvæðari viðhorfum með þessum frasa – stöndum saman og gerum þetta saman. Á þann hátt þykir mér mjög vænt um þennan frasa og þannig er hann einkenni okkar Íslendinga. Ég vil segja ykkur þetta að lokum um íslensku sumarkvöldin fögur. Maður einn söng ætíð sumarkvöldin fögur, en ekki fögur. Það á vel við í dag. Ef þið eruð heppin þá eigið þið kannski eftir að upplifa þau á meðan þið dveljið hér á landi. Ég vona að þið njótið íslensku sumarkvöldanna fjögurra,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson.

Leiðréttu þarf mat á viðri kvennastarfa

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður NTR og stéttarfélagssins Kjalar, fjallaði um í ræðu sinni um jafnrétti kynjanna, stöðu verkalýðshreyfingarinnar, mat á virði kvennastarfa og stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga að einkavæða grunnþjónustuna. „Íslenskar og norrænar rannsóknir sýna að kynjaskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýring kynbundins launamunar en til að draga úr kynjaskiptingu vinnumarkaðarins og jafna laun



- Efnahagsákvæðanir eiga að þjóna fólki // Economic systems for people
- Hvað erum við ekki að mæla? // What are we not measuring?

- Stephanie Kelton: Debts can be a strategic investment
- Kate Raworth: Rethink our obsession with the GDP

Sonja Ýr sagði að í sögulegu samhengi hefðu störf kvenna verið kerfisbundið vanmetin og að leiðin fram á við fælist í nýjum nálgunum í efnahagsmálum og hagfræðikenningum sem þjóna fólki.

Stjórnmynd Norðurlandanna

milli atvinnugreina þarf meðal annars að kortleggja stöðuna í kynbundnu náms- og starfsvali, starfsþróunarmöguleikum og tækifærum til að sækja aukna þekkingu í starfi. Þrátt fyrir að Ísland standi öðrum löndum framar þegar kemur að jafnri stöðu kynjanna er enn nokkuð langt í að jafnrétti verði náð á íslenskum vinnumarkaði. Það þarf að gefa í og efla aðgerðir gegn kynbundnum launamun og bæta réttindi kvenna og minnihlutahópa á vinnumarkaði. Það er Norðurlöndunum til skammar að hafa ekki náð lengra í þessum málum en raun ber vitni. Róttækar aðgerðir þarf til að breyta þessu, og til þess þarf verkalýðshreyfingin á Norðurlöndum að snúa bökum saman og gera þá skýlausu kröfu að borga kvennastéttum hærri laun. Við þurfum að leiðrétta virðisimat kvennastarfa," sagði formaður Kjalara.

Tvö prósent jarðarbúa búa við lýðræði

Lisa Gastaldi, gagnfræðingur við stjórn málafræðideild Gautaborgarháskóla, flutti fyrirlestur um lýðræði og birti gögn úr mælingum á lýðræði í löndum heimsins.

„Þegar lýðræði er mælt kemur í ljós að fólk hefur mjög misjafnan skilning á hvað lýðræði er eftir þjóðerni. Við þessar rannsóknir er ekki hægt að vera með getgátur um hvað lýðræði byggist á, heldur þarf að mæla hvernig lýðræði virkar. Í lýðræði eru virkar kosningar, tjáningarfrelsi er virt þar sem frjáls hugsun er lofuð, jafnrétti og kvenréttindi eru virt, heilbrigðismál eru forgangsmál ásamt menntamálum og þar fram eftir götum. Þetta kemur fram þegar mælikvarðinn er skoðaður nánar. Lýðræðinu hefur hrakað í flestum ríkjum heimsins. Stjórnvöld landanna vilja í auknum mæli hindra mikilvæga tjáningu fjölmiðla, koma böndum á frjálsan fréttaflokkning, veikja verkalýðsfélög og starfsemi þeirra, stýra og hafa áhrif á menntastofnanir og svo má lengi áfram telja. Niðurbrotið á sér stað innan frá, og þegar stjórnvöld hafa náð þessum áhrifum, þá er næsta skref einræði. Æ oftar eru

slíkir stjórn mála flokkar sem ná þessum völdum hægri flokkar sem hefjast handa við að brjóta samfélagið niður innan frá og stefna að einræði. Þetta tekur oft langan tíma og birtist í fjárfsvælti á samfélagsinnviðum og því getur verið erfitt að koma auga á þessa þróun og bregðast við henni," sagði Lisa Gastaldi.

Ný nálgun í efnahagsstjórn

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, hóf máls sitt á að rífa upp fyrstu kröfugöngu launafólks sem haldin var 1. maí 1923. Þar var krafist launa sem dygðu fyrir framfærslu, 8 tíma hvíldartíma og 8 tíma vinnutíma, atvinnuleysistrygginga, skattaafsláttar á lægstu launin, slysatrygginga, jafns réttar fyrir fátækt fólk og byggingar landsþítala.

Hún fjallaði um norræna velferðarkerfið og benti á þá staðreynd að á Norðurlöndunum er víða ójöfnuður og ójafnrétti, í löndum sem stundum eru nefnd jafnréttisparadís. Á meðan er Ísland t.d. fyrir neðan meðaltal innan OECD-landanna, og atvinnutekjur kvenna á Íslandi eru 74 prósent af launum karla og því enn langt í land að ná fullu jafnrétti. Sonja Ýr sagði að í sögulegu samhengi hefðu störf kvenna verið kerfisbundið vanmetin. Þá sagði hún að leiðin fram á við fælist í nýjum nálgunum í efnahagsmálum og hagfræðikenningum. Nefndi hún til sögunnar þrjár konur; Stephanie Kelton, Kate Raworth og Mariana Mazzucato, allt hagfræðinga sem bent hafa á nýjar leiðir til að skipta þjóðarauðnum.

Anna Jakobína Björnsdóttir, formaður NTR, færði að lokinni ráðstefnunni Lenu Roed formennskuna og afhenti henni við það tækifæri líkneski af lönnu, gyðjunni í norrænni goðafræði sem gegnir því hlutverki að gæta gulleplanna sem tryggja goðunum eilífa æsku.

NTR-ráðstefnan verður næst haldin í Kaupmannahöfn 2025. ■

Kvennaverkfall

24. október 2023

Eftir Sonju Ýri Þorbergsdóttur

Fyrir 48 árum boðuðu konur hér á landi í fyrsta sinn til Kvennafrís en alls hafa konur lagt niður vinnu í sex skipti til að mótmæla kynbundnu misrétti. Aðdraganda fyrsta Kvennafrísins árið 1975 er að rekja til þess að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði áratuginn 1975 til 1985 málefnum kvenna. Í tilefni þess tóku kvennasamtök, kvenfélög og stéttarfélög sig saman og skipulögðu dag þar sem konur lögðu niður vinnu til að leggja áherslu á mikilvægi vinnuframlags kvenna á Íslandi. Var 24. október valinn, en það er dagur Sameinuðu þjóðanna.



Kynbundið ofbeldi útbreiddasti faraldurinn sem við er að etja

Talið er að 90% kvenna á Íslandi hafi lagt niður vinnu þann dag og um 25.000 konur söfnuðust saman á einum fjölmennasta útfundi Íslandssögunnar á Lækjartorgi og víðs vegar um landið allt. Samtakamáttur þeirra leiddi til umfangsmikilla breytinga í átt að auknum tækifærum og möguleikum kvenna, m.a. með kosningu fyrstu konunnar sem var lýðræðislega kjörin forseti í heiminum.

Þrátt fyrir áratugalanga baráttu búum við enn í samfélagi þar sem langlífasti og útbreiddasti faraldurinn sem við eigum við að etja er kynbundið ofbeldi, ásamt því að framlag kvenna til samfélagsins er gróflaga vanmetið. Hver rannsóknin á fætur annarri sýnir fram á sláandi tölur um misrétti og ofbeldi, en viðbrögðin eru lítil sem engin. Við sem samfélag virðumst orðin samdauna stöðunni og teljum að jafnrétti komi með tímanum – jafnvel þó vitað sé að það muni taka a.m.k. heila ævi. En við ætlum ekki að bíða lengur! Því blásum við til baráttu enn á ný og leggjum niður launuð sem ólaunuð störf þann 24. október næstkomandi. Við höfum fengið nóg, meðal annars út af þessu:

- Að minnsta kosti 40% kvenna hafa á lífsleiðinni orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi heima eða í vinnunni og ungar konur búa við mestu hættuna. Konur með fötlun, af erlendum uppruna og trans konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi en aðrir hópar.
 - Algengast er að ofbeldismenn séu vinir eða kunningjar, maki eða tengdir öðrum fjölskylduböndum sem leiðir af sér að einn hættulegasti staðurinn fyrir konur er heimilið þeirra.
- Stórir hópar kvenna búa ekki við fjárhagslegt sjálfstæði eða öryggi þrátt fyrir að vinna fullt starf.
- Einstæðar mæður og öryrkjar eru í mestri hættu á að búa við fátækt.

- Konur eru enn með rúmlega 21% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar.
 - Launamunurinn skýrist af miklu leyti af kynjaskiptum vinnumarkaði og vanmati á framlagi kvenna, en laun stétta þar sem konur eru í meirihluta eru lægri en í öðrum sambærilegum störfum og með þeim lægstu á vinnumarkaði.
 - Fyrir einstæðar mæður og konur með meðaltekjur eða þar fyrir neðan, getur reynt sérstaklega erfitt að slíta sig frá ofbeldi í nánu sambandi eða koma undir sig fótunum eftir slík sambandsslit. Fjárhagslegt ofbeldi er sú tegund ofbeldis sem lengst heldur konum föstum í ofbeldissamböndum. Slíkt ofbeldi heldur oft áfram lengi eftir að sambandi er slitið, þar sem gerandi stjórnar manneskju í gegnum fjármál.
- Ekki er enn búið að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla – og konur bera enn meginþunga ábyrgðarinnar sem felur í sér að þær eru almennt að minnsta kosti helmingi lengur frá vinnumarkaði en karlar.
- Önnur og þriðja vaktin við að sinna börnum, öldruðum eða veikum ættingjum og heimilinu er meginástæða þess að konur geta ekki unnið fullt starf en um þriðjungur þeirra er í hlutastarfi af þessum orsökum. Vinnuvika kvenna er mun lengri en karla þegar ólaunuð störf eru tekin með í reikninginn.
- Andleg líðan kvenna og heilsa er lakari en karla vegna aukinnar ábyrgðar þeirra á ólaunuðu störfunum, í launuðum störfum s.s. vegna álags í starfsumhverfinu, vegna fjárhagsstöðu eða áfallasögu.

Við erum á ólíkum aldri, með ólíkan húðlit, með fötlun og ekki, við erum hinsegin, með ólíkar kynhneigðir, sís, trans, við trúum á allskonar og höfum ólíkar skoðanir, fæddumst á Íslandi og víðs vegar um heiminn, erum af ólíkum uppruna og líkamar okkar eru allskonar. Við erum í launaðri vinnu og ekki og fjárhagslegt svigrúm okkar er ólíkt. Við höfum orðið fyrir ofbeldi, áreitni eða misrétti eða þekkjum konur sem hafa orðið fyrir því. Við fléttum saman baráttur okkar og leggjum niður störf til að sýna að sameiginlegur kraftur okkar er óstöðvandi. Þannig ætlum við að breyta samfélaginu og knýja fram jafnrétti strax. Okkar grundvallarkröfur eru að kynbundnu ofbeldi verði útrýmt og kvennastörf verði metin að verðleikum.

Sjáumst á Arnarhóli og baráttufundum víðs vegar um landið kl. 14 þann 24. október næstkomandi! ■

Höfundur er í framkvæmdastjórn um Kvennaverkfall.



Búið er að teikna og hanna nýju orlofshúsin á orlofssvæði Sameykis við Úlfljótsvatn.

Glæsileg uppbygging nýrra orlofshúsa hefst á Úlfljótsvatni

Eftir Axel Jón Ellenarson

Við sögðum frá uppbyggingu orlofsbyggðar á Úlfljótsvatni í maíútgáfu Tímarits Sameykis; að búið væri að deiliskipuleggja svæðið og hönnun á ellefu nýjum orlofshúsum lokið. Nýju húsin á svæðinu verða 105 fermetrar að stærð, með þremur svefnherbergjum fyrir allt að sex manns, baðherbergi, eldhúsi og borðstofu í opnu rými og þægilegri setustofu og sjónvarpi. Heitur pottur verður við hvert hús og 90 fermetra verönd. Önnur þægindi eins og gasgrill, rúmgóð geymsla og rúmgóðir fataskápar verða í hverju herbergi. Útgent verður út á verönd úr baðherberginu. Orlofshúsin munu falla vel að umhverfinu og eru með gólfsiðum gluggum sem hleypr inn birtu auk þess sem hægt er að njóta fallegs útsýnis úr þeim. Eitt hús verður sérhannað með þarfir fatlaðs fólks í huga.



Samkvæmt nýju deiliskipulagi fyrir orlofssvæðið verða orlofshúsin að vestanverðu staðsett ofar í landinu en þau sem fyrir eru og lóðirnar stækkaðar. Áætlað er að fjögur hús af þeim ellefu sem verða reist verði staðsett þar sem stærra húsin þrjú eru nú að austanverðu. Samkvæmt teikningum er reiknað með að hvert og eitt orlofshús standi á rúmlega 5000 fermetra lóð með góðu útsýni yfir dalinn til vesturs og þau sem verða staðsett ofar í hlíðinni hafi útsýni yfir Úlfljótsvatn til norðurs. Fjarlægðin á milli nýju orlofshúsanna verður mun meiri en þeirra eldri og næðið því betra.

Áætlað er að verkefnið taki um tvö ár frá því vinna hefst við að reisa fyrsta húsið. Nýju húsin verða byggð á steiptum grunni með hita í gólf. Byrjað verður að reisa fyrstu húsin í orlofslandinu að vestanverðu þar sem nú er verið að auglýsa þau gömlu til sölu. Óskað eftir eftir tilboðum í þau gömlu og þurfa þau að vera fjarlægð fyrir 1. nóvember á kostnað kaupanda. ■



„Það þarf alltaf að vera vakandi yfir launamun kynjanna“

Eftir Axel Jón Ellenaron
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Dagur B. Eggertsson sem verið hefur borgarstjóri í Reykjavík í 10 ár ræðir hér um málefni borgarinnar, kjarasamninga og málefni flóttafólks, málefni fatlaðra, húsnæðismál og samgöngumál frá sjónarhóli læknisins o.fl.



Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður á landinu og starfsfólk borgarinnar er um ellefu þúsund talsins. Hjá Reykjavíkurborg er unnið eftir mannauðsstefnu sem samanstendur m.a. af jafnlaunavottun, jafnlaunakerfi og starfsmati.

Dagur segir að hann sé „gríðarlega stoltur“ af starfsfólki borgarinnar, en mikilvægt sé að vera alltaf vakandi yfir launamun kynjanna. Þá hafi starfsmatið hjálpað mikið við að rétta þann mun sem er nú innan við eitt prósent.

Félagsfólk í Sameyki sem starfar hjá Reykjavíkurborg eru liðlega fimm þúsund talsins og er stærsti einstaki hópurinn frá einum vinnustað innan Sameykis. Félagfólkið samanstendur af 63% kvenna og 37% karla og er af stærstum hluta á aldrarsbilinu 16-45 ára. Ungar konur innan félagsins eru því í miklum meirihluta starfandi hjá borginni og sinna þar mikilvægum störfum í grunnþjónustunni; þjónustu við fatlaða, umönnunarstörfum, frístundar- og menningarstörfum, og uppeldis- og fræðslustörfum.



Ræðum um launajöfnun

Reykjavíkurborg gekk á undan öðrum sveitarfélögum þegar samið var í síðustu kjarasamningum. Önnur sveitarfélög vildu ekki ganga eins langt Reykjavíkurborg og því kom til verkfalla. Hvað í launasetningunni skiptir mestu máli á stærsta vinnustað landsins?

„Ég er býsna stoltur af því að á síðustu tíu árum höfum við séð breytingar á launasetningu og kjörum sem við ræðum mjög sjaldan. Reykjavíkurborg hefur verið þar í fararbroddi því að lægstu laun hafa hækkað umfram önnur laun hjá okkur, og ef þú skoðar launajöfnuð þá er hann mestur hjá Reykjavíkurborg meðal stórra launagreiðenda í landinu. Við horfum á Reykjavíkurborg sem einn vinnustað, eina heild, á meðan ríkið horfir á staka hluta, hina og þessa vinnustaði. Þeir hópar sem hafa fengið leiðréttingu launa umfram aðra eru stóru kvennastéttirnar sem starfa hjá borginni. Ég vil taka fram að ég er ekki að segja að sá björn sé unninn. Alltaf þarf að vera vakandi fyrir launamun kynjanna og ég er ekki heldur að segja að síðasti kjarasamningurinn hafi verið gerður. Það er aldrei þannig. Þegar launaþróunin er skoðuð sjáum við til dæmis að leikskólakennarar hafa í gegnum þrjá kjarasamninga færst úr því að vera töluvert fyrir neðan aðra háskólamenntaða í að vera í jafnri stöðu. Á mínum fyrsta degi í embætti borgarstjóra voru settar 10 prósent álagsgreiðslur ofan á laun leikskólalastarfsfólks sem enn hafa haldist til dagsins í dag. Þannig var það mitt fyrsta verk var að hækka launin þar en líka hefur þetta náð til annarra umönnunarstétta. Þetta er veruleg kjarabót fyrir þau sem eru á lægstu laununum.“

Dagur segir að þrjár byltingar hafi verið gerðar í kjarasamningum.

„Það eru í raun þrjár stórar byltingar á vinnumarkaði sem eiga allar rætur sínar að rekja til forystu Reykjavíkurborgar. Fyrst ber að nefna feðraorlofið. Í tíð Ingibjargar Sólrúnar sem borgarstjóra var farið í tilraunaverkefni að leyfa feðrum að fara í feðraorlof. Kastljósviðtal við vöðvastæltan föður í feðraorlofi kláraði eiginlega þá pólitísku umræðu – ég verð að segja það. Önnur byltingin er að útrýma launamun kynjanna, og þér gæti nú dottið í hug hvers vegna í ósköpunum ég segi útrýma. Það er vegna þess að þegar þú skoðar launatölur hefur Reykjavíkurborg gengið lengst í því að fá óháðan aðila til að skoða launin hjá sér sem einn vinnustað, að launamunurinn er innan við eitt prósent. Innan við eitt prósent, sem er innan tölfræðilegra skekkjumarka sem enginn trúði að væri hægt því hann var áður, á árunum 1995–96, alltaf um fjórðungi lægri,“ segir Dagur háum rómi. „Þetta tókst með frábæru samstarfi við stéttarfélagin í gegnum starfsmatið þar sem við höfum kerfisbundið verið að endurmeta störf og hækka laun í samræmi við það,“ bætir Dagur við.

„Þriðja stærsta byltingin er svo stytting vinnuvikunnar. Það er ekki einfalt verkefni. Tilraunaverkefnið okkar varðandi styttingu vinnuvikunnar gekk vel en kallaði á mikla samstöðu, samtal og útsjónarsemi á vinnustöðunum. Auðvitað er stytting vinnuvikunnar gerð til að bæta velsæld og lífsgæði okkar starfsfólks án þess að það myndi bitna á þjónustunni. Við vildum ekki bjóða borgarbúum upp á að velja á milli styttri vinnuviku eða verri þjónustu. Verkefnið hefur heppnast vel – við getum verið stolt af þessu og Sameyki og verkalýðshreyfingin líka.“

Tekið við þjónustu í lamasessi

Fjármálaráðherra sagði nýverið í fréttum að það væri „ótrúlegt klúður þegar sveitarfélagin segja að kostnaðarauki við málaflokk fatlaðra sé einn milljarður en svo örfáum árum síðar segja menn, nei þetta eru 20 milljarðar.“ Hvað segir þú um þessi ummæli

Bjarna Benediktssonar og hvers vegna vantar svona mikla fjármuni í málaflokkinn frá ríkinu eins og raun ber vitni?

„Ég held að það hafi verið gríðarlegt gæfuspör fyrir samfélagið allt og fólk með fötlun þegar málaflokkurinn var færður frá ríki til sveitarfélaganna. Það sem var vanmetið á sínum tíma í samningunum voru þættir í þjónustunni sem voru í algjörum lamasessi. Við hjá Reykjavíkurborg höfum byggt upp 18 búsetukjarna sem stuðla að sjálfstæðri búsetu víðs vegar um borgina og höfum komið til móts við þarfir fatlaðs fólks og fjölskyldur þeirra sem voru fyrir í miklum vanda. Þessi úrræði voru ekki til staðar áður hjá ríkinu fyrir þennan hóp. Þessu verkefni er ekki lokið og það er hárrétt sem þú bendir á, að forsendur hafa breyst og lög um málaflokkinn líka, en fjármunir hafa ekki fylgt með frá ríkinu. Sérstaklega 2018 eftir lagabreytingarnar sem leiddu til mikils kostnaðarauka án þess að nokkurt opinbert fé hafi fylgt. Við höfum ítrekað gagnrýnt þetta, ekki vegna þess að við viljum ekki veita þjónustuna með nútímalegum hætti í þágu fólks með fötlun, heldur til að sækja þá fjármuni til ríkisins sem þarf til að veita þjónustuna. Gatið milli þeirrar þjónustu sem veitt er og þeirra fjármuna sem fylgja frá ríkinu er nú 9 milljarðar á ári. Það munar gríðarlega um þessa fjármuni í rekstri sveitarfélaganna því þessi



Starfsfólk Reykjavíkurborgar, sem ég er gríðarlega stoltur af, sem starfar í þessum málaflokki og sérfræðingar sem þekkja vel til hans, geta ekki tekið undir þá fullyrðingu fjármálaráðherra að verið sé að ofþjónusta fatlað fólk.

skortur á fjárveitingu ríkisins til málaflokksins hefur neikvæð áhrif á fjármál borgarinnar og fjárframlög hennar til annarra verkefna. Þess vegna hefur svigrúm sveitarfélaganna til að velja leiðir varðandi hvernig þjónustan er útfærð minnkað, frekar en að sveigjanleikinn hafi aukist – eins og við viljum frekar. Við erum býsna skýr og einröð í ætlun okkar að sækja þá fjármuni til málaflokksins sem upp á vantar.“

Sammála Bjarna að ótrúlegt klúður sé að nægt fé fylgi ekki málaflokki fatlaðra

„Starfsfólk Reykjavíkurborgar, sem ég er gríðarlega stoltur af, sem starfar í þessum málaflokki og sérfræðingar sem þekkja vel til hans, geta ekki tekið undir þá fullyrðingu fjármálaráðherra að verið sé að ofþjónusta fatlað fólk. Í greiningu á fjárþörfinni til málaflokksins er kannski ekki óeðlilegt að sú spurning komi upp hvort verið sé að ofþjónusta málaflokkinn. Það hefur verið sest yfir það og það er afdráttarlaus niðurstaða að það er ekki verið að ofþjónusta fatlað fólk, bara alls ekki. Reykjavíkurborg vill tryggja mannréttindi fatlaðs fólks og veita því góða þjónustu á hagkvæman hátt. Allir þurfa að átta sig á að það kostar peninga að tryggja öllum manneskjulegt húsnæði og samfélagið þarf að horfast í augu við þá staðreynd.



„Auðvitað er klúður að peningar hafi ekki fylgt með auknum kröfum með lagasetningu. Það er hins vegar ekki alveg rétt hjá ráðherranum, að þegar löggin voru sett hafi enginn bent á þann augljósa kostnaðarauka sem lagabreytingunum fylgdu.“

Nú er búið að verja tveimur árum í að greina stöðuna og það er gríðarlega brýnt í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum að bregðast við núna strax. Þegar fjármálaráðherra segir þetta vera klúður þá er ég sammála því. Auðvitað er klúður að peningar hafi ekki fylgt með auknum kröfum með lagasetningu. Það er hins vegar ekki alveg rétt hjá ráðherranum, að þegar löggin voru sett hafi enginn bent á þann augljósa kostnaðarauka sem lagabreytingunum fylgdu. Þó að ráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi ekki áttað sig á að fjárveiting fylgdi ekki lögnum gerðum við það hjá Reykjavíkurborg og erum með gögn því til staðfestingar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar stendur með fötluðu fólki og það brennur af áhuga að fatlað fólk fái sanngjarna þjónustu.“

Borgarstjóri segir að það sé dálítið magnað að stærsti áhættuþátturinn í fjármálum íslenskra sveitarfélaga sé ríkið.

„En í þessu sambandi er það dálítið magnað í efnahagsumhverfi þar sem verðbólgan er í kringum átta prósent og gengið á íslensku krónunni sveiflast, ásamt óvæntum efnahagslegum upptökum sem geta komið upp, er stærsti áhættuþátturinn í fjármálum íslenskra sveitarfélaga ríkið. Við eigum í stöðugt í samtölum við ríkisvaldið, ráðherra og ráðuneyti að þoka þessum málum áfram og ég vona að við náum farsælli niðurstöðu áður en langt um líður í þessum málaflökki,“ segir borgarstjóri.

Reykjavíkurborg tekur á móti 77 prósent fólks á flóttu

Dagur segir að málefni flóttafólks séu umfangsmikið verkefni hjá Reykjavíkurborg, en miðað við stærðargráðuna hefur móttaka flóttafólks gengið vel, þökk sé starfsfólki Reykjavíkurborgar. Hann

segir að borgin sé með samninga við ríkið varðandi komu flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd.

„Reykjavíkurborg er eitt af þremur sveitarfélögum, með Reykjanesbæ og Hafnarfirði, sem hafa mesta reynslu í þessum málefnum. Það sem við höfum fundið helst að er þessi brýnu verkefni mætti dreifast jafnar á sveitarfélögin um landið en Reykjavíkurborg er að taka á móti 77 prósentum þeirra sem hingað koma. Full fjármögnun í móttöku flóttafólks skiptir miklu máli en stóri þátturinn sem stendur út af borðinu er stuðningur við börn á skólaaldri.

Þegar umfangið var minna voru gerðir samningar við ríkið sem voru skráðarasaumaðir um hvern hóp og þá var sveitarfélögunum mætt af mikilli sanngirni til að mæta sérstökum stuðningi þessara hópa innan skólakerfisins. Þá eins og nú skiptir það verulegu máli þegar börn koma þaðan sem slitrótt eða engin skólaganga hefur verið jafnvel árum saman. Núna þegar stærstu hóparnir hafa verið að koma, t.d. frá Úkraínu og Venesúela, er þessu öðrvísí háttað. Meginhluti barna frá Úkraínu er með órofna skólagöngu og býsna vel í stakk búinn að setjast hér á skólabekk og læra. Þau þurfa engu að síður stuðning þegar þau koma inn í nýtt samfélag og þar hefur vantað skilning hjá ríkinu, en Reykjavík hefur verið tilbúin til að taka þátt í þessum verkefnum og viljað vera gríðastaður fólks á flóttu.

Það þarf að standa vel að þessu en við þekkjum auðvitað dæmi þess, að ef ekki er staðið vel að móttöku flóttafólks frá upphafi, þá einangrast þessi hópur frá samfélaginu og upplifir vonleysi til lengri tíma. Þarna gegnir skóla- og menntakerfið lykilhlutverki að styðja við þessi börn, að þau fóti sig vel í nýju landi og því er mikilvægt að

við eigum í gagnlegu samtali og samvinnu um þessi mál. Umræður um fjöldataölur og beinan kostnað við móttöku flóttafólks má ekki yfirskyggja þá langtímasýn gagnvart því að taka vel á móti fólki inn í landið.“

Purfum að búa til húsnæðissáttmála

Spurður um húsnæðismálin segir Dagur að þau séu honum hjartans mál. Hann segir að saga Reykjavíkurborgar sé saga samfelldrar húsnæðiseklu.

„Þessi málaflokkur stendur mér gríðarlega nærri hjarta. Reykjavík hefur verið í samfelldum vexti síðastiðinn 100 ár og því held ég að margar, ef ekki allar kynslóðir fjölskyldna í Reykjavík eigi sína reynslusögu af húsnæðiseklu. Afi og amma hröktust með börnin sín í Mosfellsdal vegna húsnæðiseklu þegar pabbi var að alast upp. Þegar mamma flutti í bæinn með sinni fjölskyldu þá var fyrst flutt inn í eitt og hálf t. herbergi í kjallaraíbúð, hjón með fimm börn. Viða bjó fólk mjög þröngt í borginni hér áður fyrr og þess vegna hefur það verið alltaf rauður þráður hjá mér að muna eftir húsnæðismálunum,“ segir Dagur.

Dagur segir að enn sé verið að bíta úr nálinni með þá skelfilegu ákvörðun um að leggja niður verkamannabústaðakerfið sem sjá ungu barnafólki, verkafólki, láglounafólki og fólki með lægri millitekjur fyrir öruggu framtíðarhúsnæði.

„Við erum enn að bíta úr nálinni með að verkamannabústaðakerfið var lagt niður um aldamótin þegar ákveðið var að treysta einungis markaðnum fyrir húsnæðismálum þjóðarinnar. Í raun gerðist ekkert af afvörðu í húsnæðismálum sem kom í staðinn fyrr en Bjarg íbúðafélag var stofnað í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, ASÍ og BSRB, að koma í gegn lögum um almenna íbúðakerfið eins og það var kallað. Við skrifuðum sameiginlega yfirlýsingu með áður nefndum bandalögum á 100 ára afmælisdegi Alþýðusambandsins 12. mars 2016 um fyrstu 1000 íbúðirnar og stofnun Bjargs. Það var alveg rétt metið hjá verkalýðshreyfingunni og Reykjavíkurborg að þetta vantaði á húsnæðismarkaðinn. Við höfum með sambærilegum hætti unnið að byggingu stúdentaíbúða sem eru núna nærri 2000 talsins. Það tók fimmtíu ár að byggja fyrri þúsund íbúðirnar, en fimm ár að byggja seinni þúsund. Þannig að þetta er spurning um viðhorf, vilja og stefnu í húsnæðismálum. Meðan Reykjavíkurborg hefur byggt svona húsnæði hefur ekkert gerst í nágrennasveitarfélögunum af þessum skala fyrir þessa hópa. Ef öll sveitarfélögin væru að ganga í takt í húsnæðismálunum myndum við ná markinu tvöfalt hraðar. Því er umhugsunarvert, að þegar ríkisstjórnin er komin með sýn á hvernig eigi að gera þetta og gengur í takti að þessu leyti við verkalýðshreyfinguna, ásamt að boða samninga við öll sveitarfélögin um uppbyggingaráttak húsnæðis á Íslandi, þá er einungis eitt sveitarfélag sem hefur gert slíkan samning og það er Reykjavíkurborg. Í þeim samningi erum við að segja að 30 prósent af uppbyggingunni verða hagkvæmar íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur, fólk með lágar tekjur. Líka verða 5 prósent íbúða byggðar sem félagslegar íbúðir á vegum borgarinnar fyrir þá sem hafa allra minnst á milli handanna.“

Hann segir ótvírætt að Reykjavíkurborg hafi algjöra forystu í húsnæðismálum þjóðarinnar.

„Það er alveg ótvírætt að Reykjavíkurborg hefur forystu í húsnæðismálum á Íslandi. Við höfum í samstarfi við verkalýðshreyfinguna verið að þróa aðferðir og fjármögnunarmodel á síðustu

árum sem hafa reynst þannig að til hefur orðið ný húsnæðisstefna fyrir Ísland. Því miður hefur ekki tekist að gera fleiri samninga við ríkið og lífeyrissjóði. Það þarf að búa til húsnæðissáttmála alveg eins og við búum til t.d. samgöngusáttmála. Það gengur ekki að við séum bara að sinna hópi sem borgar hæsta verð fyrir húsnæði heldur þarf að huga að heildinni. Fólk þarf ekki endilega allt það sama heldur þurfa allir öruggt þak yfir höfuðið á verði sem það ræður við.“



Við hugsum alltof sjaldan um það hvernig höfuðborgarsvæðið var og er skipulagt. Hvernig það var skipulagt á árunum upp úr 1960 skilur eftir risastóran reikning hjá meðalstóru heimili í dag sem þarf kannski að reka tvo bíla, jafnvel fleiri til að komast um borgina.

Sjónarmið læknisins

Hver er framtíðarsýn þín á skipulag borgarinnar, bæði hvað varðar samgöngumál og húsnæðismál, frá sjónarhóli lýðheilsunnar – læknisins?

„Fyrir hundrað árum voru baráttumenn fyrir bættum húsakosti í Reykjavík lækna. Einn þeirra var borgarstjóri í Reykjavík, Guðmundur Hannesson læknir, og þó að hann hafi verið sjálfstæðismaður hélt hann erindi á þingi jafnaðarmanna um húsnæðismál Reykvíkinga og barðist fyrir því t.d. að nota steinsteypu í hús ásamt að tryggja gott loft í húsum miðað við sem áður var, tryggja hita o.s.frv. Ég held að vel sé hægt að spyrja sig hvort læknirinn leiti í húsnæðismálin vegna vegna þekkingar á lýðheilsu og heilsu fólks. Mér er annt um þetta því lýðheilsa er kjarninn í samfélaginu og að góðum lífsgæðum. Lýðheilsa skiptir líka máli í lífi fjölskyldunnar – hvernig við náum endum saman. Stærsti útgjaldaliður fjölskyldunnar er húsnæði en þar á eftir, nokkuð jafnhár, er matur og samgöngur.

Við hugsum alltof sjaldan um það hvernig höfuðborgarsvæðið var og er skipulagt. Hvernig það var skipulagt á árunum upp úr 1960 skilur eftir risastóran reikning hjá meðalstóru heimili í dag sem þarf kannski að reka tvo bíla, jafnvel fleiri til að komast um borgina. Við vitum að það er mjög dýrt að þjóna dreifðari byggð með góðum almenningssamgöngum. Þess vegna erum við að skipuleggja hvernig almenningssamgöngur eiga að vera í framtíðinni. Við sjáum fyrir okkur að 80 prósent af uppbyggingu nýs húsnæðis verði í kringum góðar almenningssamgöngur svo fólk geti losnað við eitthvað af þeim kostnaði sem fylgir einkabílunum. Þetta er þó ekki raunhæft nema samgöngurnar verði miklu, miklu betri.“

Einkavæðingarform í samgöngum

Stjórn og félagsfólk í Sameyki sem starfar hjá Strætó bs. hefur mótmælt harðlega öllum hugmyndum um einkavæðingu á akstursleiðum Strætó og haft miklar áhyggjur af lægri kjörum og skertri þjónustu sem alltaf fylgir þegar opinber þjónusta er einkavædd. Hvað segirðu við því?

„Við náðum ákveðnum viðsnúningi í rekstri Strætó bs. á síðustu tíu árum. Í raun er það þannig að farþegum hefur farið fækkandi ár frá ári nánast frá 1970 en á síðustu tíu árum hefur þeim farið að fjölga aftur. Svo varð met í farþegafjölda árið eftir COVID-19. Heimsfaraldurinn setti auðvitað strik í reikninginn. Það sem fólk áttar sig almennt ekki á er að núverandi Strætó bs. er sett saman úr tveimur mismunandi fyrirtækjum, SVR sem var í opinberum rekstri og svo strætófélög nágrannasveitarfélaganna sem öll voru rekin í verktöku. Það sem ekki hefur breyst er að þetta er enn blandað innan félagsins í dag, verktakar sem aka vögnum og svo starfsmenn Reykjavíkurborgar. Spurning er hvort farin verði sú leið sem er á Norðurlöndunum að bjóða allar leiðir út en þar eru strætófélögin sem stjórna starfsemi og hvaða leiðir eru eknar o.þ.h. Það sem hefur vakið athygli og eru skiptar skoðanir um er að hvort hver kílómetri sem er ekinn sé misdýr eftir því hvort að um beint ráðningarsamband sé við strætó eða ekki. Svo líka hvort það sé sveigjanleiki í að hafa hluta vagnaflorens undir beinni stjórn sem við myndum missa ef allt færi í útboð. Um þetta snýst umræðan,“ segir hann.



„Það er gríðarlega mikilvægt að það komi ekki hik og að við leysum úr því að sveitarfélögin og ríkið fjármagni verkefnið til fulls og drífum í að koma borgarlínunni á koppinn. Það er lýðheilsumál.“

En er þetta ekki alltaf spurning um traust og er ekki rétt að fólk treystir ekki einkavæðingunni? Getur fólk treyst því að þjónustan batni, að fargjöldin rjúki ekki upp í verði þegar akstursleiðir eru settar í útboð?

„Já það er alveg rétt en við höfum í raun góða reynslu af hvoru tveggja, að vera með vagnstjóra í vinnu hjá Reykjavíkurborg og líka að helmingur kerfisins sé keyrður af verktökum. Ég vil benda þér á að öllum akstri í ferðaþjónustu fatlaðra er sinnt af verktökum. Þessu fylgja kostir og gallar sem við verðum að ræða saman um.“

Gríðarlega mikilvægt að það komi ekki hik og borgarlínan verði fullfjármögnuð

Tekist er mikið á um borgarlínuna um leið og borgarbúar vilja ekki þessa umferðarstöppu og miklu umferð á morgnana og eftirmiðdaginn í og úr vinnu. Hver er framtíð borgarlínunnar og er þetta kannski lýðheilsuspurning?

„Svarið er að þetta er hluti af heildarmynd sem botnar í því hvað skapar lífsgæði og hvaða val við viljum hafa í lífi okkar í samgöngum. Því miður skiptist umræðan oft á milli hjólara og bílstjóra og þannig er verið að skipa okkur í skotgrafir, en í raunveruleikanum viljum við kannski geta ferðast meira án bílsins, en til þess þurfa samgöngur að batna með borgarlínunni. Við viljum geta tekið strætó og komist heim til okkar í stað þess að sitja undir stýri í umferðinni og bíða.

Borgarlínan á að vera í forgangi í samgöngumálum vegna þess að hún nýtist öllum best, líka þeim sem ætla aldrei að nota hana vegna þess að hún mun léttu mikið á umferðinni. Í rannsókn sem við gerðum 2012–13 kom í ljós að ef við ætlum að nota einkabilinn áfram kemur að því að umferðin verður stopp. Við erum komin þangað. Þá vissum við að við værum að undirbúa okkur undir vöxt á höfuðborgarsvæðinu sem nemur 70 þúsund manns til ársins 2040. Það er einn Kópavogur, einn Garðabær og hálfur Hafnarfjörður eða álíka. Núna 2023 hefur vöxturinn orðið meiri en við spáðum og um mitt þetta ár hefur fólki fjölgað á höfuðborgarsvæðinu í 45 þúsund manns og verður búið að fjölga í 50 þúsund manns í lok ársins. Það er því ekkert skrytið að umferðin

sé svona treg á morgnana. Við vorum búin að spá því að ef ekki kæmi afkastameiri almenningsamgöngur þá myndi umferðin verða stopp. Þetta liggur fyrir en það hefur tekið tíma að koma þessu af stað og ég tel að við séum á þröskuldinum að fara með borgarlínuna af stað. Það er gríðarlega mikilvægt að það komi ekki hik og að við leysum úr því að sveitarfélögin og ríkið fjármagni verkefnið til fulls og drífum í að koma borgarlínunni á koppinn. Það er lýðheilsumál.“

En hver er þín framtíð?

„Hún er vonandi bara góð,“ segir Dagur og rekur upp hrossahlátur en heldur svo áfram: „Það verða borgarstjórnarskipti eftir miðjan janúar á næsta ári, þá er ég búinn að vera borgarstjóri í tíu ár. Þetta eru svona kaflaskipti og þá ég tek við formennsku í borgarráði en svo sjáum við bara hverju fram vindur í lífinu,“ segir hann og veltir vöngum.

Viljum við sjá Dag B. Eggertsson í landsmálunum, fara á þing og láta til sín taka þar?

„Það verður bara að koma í ljós. Ég hef aldrei útilokað það en ekki lofað því heldur. Það hefur mjög oft komið til tals en einhvern veginn hefur hjarta mitt verið í borgarmálunum og mér finnst skipta miklu máli að þau hafi framgang. Einnig vil ég sjá verkefni ná til enda. Ég er ekkert hlaupinn neitt annað í bili,“ svarar Dagur B. Eggertsson eins og stjórnálfólki er vant að gera og hleypur á næsta fund. ■



Stofnanasamningar kláraðir og komandi kjaraviðræður í óvissu

Eftir Ingólf Björgvin Jónsson

Nýlega voru kláraðir kjarasamningar við Innheimtustofnun sveitarfélaga, Skálatúnshemilið í Mosfellsbæ ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og voru allir samningarnir samþykktir af hálfu félagsfólks í Sameyki.



30. september nk. losna kjarasamningar við Félagsbústaði, Faxaflóahafnir og einnig Strætó bs. við Sameyki. Þá er vinna hafin vegna nýrra kjarasamninga sem losna eftir áramót. Samtöl hafa staðið yfir við baklandið og erum við hjá Sameyki bjartsýn á að samningarnir gangi hratt og vel fyrir sig þannig að nýir kjarasamningar taki við af þeim gömlu ef allt gengur að óskum.

Félagsfólk í Sameyki stendur saman um kjarabætur

Á döfni hjá kjaradeild Sameykis er meðal annars undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga sem losna eftir áramót eða 31. mars 2024. Kjaradeildin hefur verið í góðu samstarfi við félagsfólk sem starfar samkvæmt fjölmörgum stofnanasamningum í að endurskoða og endurnýja þá.

Þær eru ekki góðar sendingarnar sem Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, sendir okkar félagsfólki sem starfar undir kjarasamningum ríkisins. Þar boðar fjármálaráðherrann uppsagnir opinberra starfsmanna en einnig skerðingar hjá stofnunum ríkisins. Slíkur niðurskurður er einungis til að hella olíu á eldinn sem nú

þegar logar glatt í með öllum þeim stýrivaxtahækkunum sem dunið hafa yfir launafólk og almenning allan. Félagsfólk í Sameyki mun standa saman í komandi kjarasamningum og krefjast kjarabóta til að ná upp í þá kjaraskerðingu sem stjórnvöld hafa skapað.

Breytingar í kjaradeild

Nýtt starfsfólk hefur tekið til starfa í kjaradeild Sameykis. Þau eru undirritaður sem deildarstjóri, þá er Sigdís Þóra Sigþórsdóttir nýráðin sem sérfræðingur í kjaradeildina. Jenný Þórunn Stefánsdóttir hóf störf fyrr á árinu sem lögfræðingur í kjaradeild og loks Stefánía Jóna Nielsen sem starfað hefur í kjaradeild sem sérfræðingur í 5 ár.

Kjaradeild Sameykis hefur nú tekið í notkun nýtt netfang, kjaradeild@sameyki.is, fyrir félagsfólk til að senda inn erindi sín, t.d. gögn og annað sem tengist fyrirspurnum vegna nýrra mála eða mála í vinnslu hjá kjaradeildinni. Tilgangurinn er að hægt sé að skoða og svara tölvupóstum með skilvirkari hætti, en einnig til að mæla hvernig kjaradeildin aðstoðar félagsfólk og rýna í þá tölfraði sem kemur í gegnum kjaradeildina. Um er að ræða gögn sem segja hversu mikið félagsfólk leitir til kjaradeildarinnar, hvernig erindin eru sem berast inn og hvernig fólk líkar sú þjónusta sem er veitt. Þá er skoðað hvernig tími þjónustunnar er nýttur svo hægt sé að gera endurbætur á henni. Slík tölfraði sem endurspeglar þörfina og óskir félagsfólks Sameykis hjálpar til í bæta þjónustuna fyrir félagsfólk með framtíðina að leiðarljósi. ■

Höfundur er deildarstjóri kjaradeildar Sameykis.

Kynferðisleg áreitni á vinnustað brýtur fólk markvisst niður

Eftir Axel Jón Ellenarson

Öll eigum við rétt á að starfsumhverfi okkar einkennist af gagnkvæmri virðingu í samskiptum og felur það m.a. í sér að njóta verndar gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi á vinnustað. Slík hegðun er bæði lögbrot og siðferðilega ámælisverð. Það á við hvort heldur sem um er að ræða hegðun atvinnurekanda, samstarfsfólks eða einstaklinga sem starfsmaður þarf að hafa samskipti við vegna starfs síns. Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum er alltof algeng hér á landi. Hún þrífst í myrkrinu, þar sem ekki er talað um hana, eða talið er án þess að vita það að slík hegðun sé ekki til staðar á vinnustaðnum, sem flokka má sem afneitun. Óvænt og óvelkomin simtöl og eða skilaboð til samstarfsfélaga utan vinnutíma eru ein tegund kynferðislegrar áreitni, tvíræð boð og ágengar augngotur er einnig algeng áreitni. Vinnustaðir eru fjölbreyttir og áreitnin á sér oftast stað þar sem valdamismunur er til staðar. Afleiðingar kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis geta verið margvíslegar. Slík hegðun getur haft mjög slæmar afleiðingar fyrir einstaklinga, vinnustaði og samfélagið allt. Starfsfólk getur meðal annars fundið fyrir verri heilsu, streitu, þunglyndi, niðurlægingu, pírtingi og lent í tekjutapi. Á vinnustöðum geta starfsmannavelta og veikindi aukist og framleiðni dregist saman, auk þess sem áhrifin á orðspor vinnustaða geta verið mikil. Í samfélaginu yfir hegðun af þessu tagi til dæmis undir misrétti, kynbundinn launamunur og aukin útgjöld af ýmsu tagi.

Starfsfólk hafi meðvitaðar upplýsingar

Ekki er mikill vandi að setja sig í spor einstaklings sem fær óvænta hringingu utan vinnutímans frá yfirmanni sínum eða samstarfsfélaga þar sem ekki er rætt um vinnutengt erindi til að skilja hversu mikið áfall það getur verið. Ótti, vantraust, óöryggi, ráðaleysi og reiði eru þær tilfinningar sem slík áreitni getur valdið fólki, og ef ekki er upplýst umræða á vinnustað um að slík hegðun sé ætíð óásættanleg aukast möguleikarnir á að einhver verði fyrir henni. Afleiðingarnar eru skelfilegar og raunin er sú að oftast kemst slík óásættanleg hegðun ekki upp á yfirborðið og fyrir því liggja margar ástæður. Vinnustaðir sem ekki hafa samskiptasáttmála eiga erfiðara með að bregðast við kynferðislegri áreitni á vinnustað, þegar hún á sér stað, heldur en þeir vinnustaðir sem hafa slíkan sáttmála. Engin vel hugsandi manneskja kærir sig um að kynferðisleg áreitni viðgangist á sínum vinnustað og vinnustaðir geta með auðveldum hætti nýtt sér fræðslu sem er í boði og aðferðir til að koma í veg fyrir að kynferðisleg áreitni eigi sér stað á vinnustaðnum.

Á vef BSRB kemur fram að bandalagið hefur beitt sér með öflugum hætti í vitundarvakningu um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, gefið út kynningarefni um kynbundið ofbeldi og fjallað

um kynbundna og kynferðislega áreitni á sínum vettvangi. Fáar rannsóknir hafa þó verið gerðar á kynferðislegri áreitni hér á landi, en þær sem þó hafa verið gerðar snúa að starfsfólki í þjónustustörfum, viðhorfi stjórnenda til jafnréttis og mismununar innan stofnana. Niðurstöður þessara rannsókna gefa tilefni til að ætla að brýn þörf sé á vitundarvakningu um málefnið og að viðhalda þurfi fræðslu um þessi mál. Ein leið þess að opna umræðuna er að tryggja að allt starfsfólk einstaka vinnustaða hafi meðvitaðar upplýsingar og skýran aðgang um rétt sinn og skyldur vinnuveitanda síns.

Kynferðisleg áreitni og kynbundið óréttlæti er óásættanlegt

Þá kemur fram hjá BSRB að í þeim málum sem aðildarfélag bandalagsins hafa leitað eftir aðstoð með, sem teljast til kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, er einkum að ræða líkamlega snertingu af kynferðislegum toga, svo sem klapp, klípur eða faðmlög. Önnur dæmi eru þegar einstaklingur reynir ítrekað við samstarfsmann



þrátt fyrir að skýrt hafi komið fram að viðkomandi hafi ekki áhuga eða kærir sig ekki um slíka hegðun.

Í öllum tilvikum hafa gerendur verið karlar og þolendur konur. Í einu dæmi var þó um að ræða tvo karla en hvorugur þeirra var samkynhneigður. Athugasemdir sem beinast til kvenna af kynbundnum toga byggja á sama grunni, það er að þær séu ekki hæfar eða nægilega góðar til tiltekinnar verkefna vegna þess að þær séu konur. Rannsóknir sýna að aðrar algengar birtingarmyndir eru athugasemdir um líkama, klæðnað eða lífsstíl einstaklings eða athugasemdir af kynferðislegum toga, svo sem niðrandi tal og brandarar sem viðkomandi kærir sig ekki um. Upplýstur vinnustaður með virkan samskiptasáttmála er mikil forvörn gegn kynferðislegri áreitni og kynbundnu óréttlæti. ■

Heimildir: BSRB, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.



Haustsúpan '23

Eftir Harald Jónasson

Þegar búið er að setja grillið inn er um að gera að skella í góða súpu. Kjötsúpa og fiskisúpa eru hvoru tveggja góðar haustsúpur en við skulum ekki gleyma klassíkinni, gömlu góðu „hótelsúpunni“. Uppbökun súpa, ættuð frá Frakklandi, aðlöguð að Íslandi þegar grænmeti kom úr dós. Ég man ekki lengra aftur en níunda áratuginn, eitisíð, en er nokkuð viss um að hægt er að muna þessa súpu alveg aftur um tvo, þrjá áratugi í viðbót við það.



Dósa-aspas og sveppir voru helstu bragðefni þessarar rjómalöguðu og rómuðu súpu sem hefur síðustu misserin, með alls konar fersku grænmeti og tilraunum með kókosmjólk, fallið svolítið í gleymskunnar dá. Það er því tilvalið að dusta aðeins rykið af súpuminningum frá Súlnasalnum, Loftleiðum, Esju, örugglega KEA líka. Sennilega nokkurn veginn hvaða hóteli og eða félagsheimili landsins þarna í gamla daga – sem á annað borð buðu upp á súpu.

Uppbakað

Upprunalega „hótelsúpan“ var sáraeinföld. Svo gott sem bara þunnur og bragðbættur uppstúfur. Sirka svona: Smjörbolla var búin til með safanum af því grænmeti sem fara átti í hana. Hún svo þynnt út með kjúklingakraftblönduðu vatni og rjómi soðinn saman við. Dósagrænmetið fékk svo að fara út í pottinn alveg í lokin. Sérstaklega ef þetta var aspásúpa, sveppirnir þöndu meiri hita.

En af því að við á þessari öld búum aðeins betur en meðal hótélkokkur á þeirri síðustu, með aðgang að fersku grænmeti af nánast öllum tegundum, brúkum við ferskt grænmeti. Við ætlum þó heldur ekki að missa okkur í nútímanum og notum þess vegna gamla góða blómkálið. Hægt að skipta því út fyrir sirkabát allt rötargrænmeti og flest annað hart grænmeti sem þolir smá suðu.

Í súpu fyrir sex til átta, tekur því ekki að byrja fyrir minna, þarf lítinn haus af blómkáli, 300-ish grömm (250 grömm af hreinum blómkálsrunnum), ½ sæmilegan lauk, 1 líter af teningasoði, ½ líter af rjóma, 50 grömm af smjöri og 40 grömm af hveiti. Matskeið eða svo af olíu til að mýkja laukinn. Salt og pipar er svo eina ásættanlega kryddið fyrir þessa súpu. Kannski má skipta svörtum pipar út fyrir hvítan ef ævintýraþráin er óseðjandi. Þetta er jú súpa frá síðustu öld. Þeir sem láta vaða í hvítan pipar geta líka sett smá hvítlauk út í fyrst þetta er komið svona langt – en lengra inn í framtíðina förum við ekki.

Svona förum við að og til að spara uppvaskeið er hægt að útbúa súpuna í einum potti. Byrjum á smjörbollu. Það er gert með því að bræða saman smjör og hveiti. Hita blönduna í mínútu eða svo við tiltölulega vægan hita og setja svo til hliðar. Matskeið af olíu fer í botninn á pottinum og þar er laukurinn

svitaður við frekar vægan hita, þangað til hann verður mjúkur og sætur. Tekur fimm til tíu mínútur. Passa að ekki komi mikill litur á laukinn. Hann á að verða glær ekki brúnn.

Þá er að skera blómkálshausinn í litla bita. Biti sem passa í skeið því þessi súpa verður ekki maukuð. Hella vatninu yfir og sjóða þangað til blómkálið er orðið næstum því mjúkt en ekki alveg. Tekur 10–15 mínútur. Sigta það svo frá en geyma vatnið. Út í blómkálssoðvatnið fer súputeningur eða kraftur. Magnið fer eftir því hvað stendur á umbúðunum. Teningarnir eru brimsaltir svo það er gott að fara sparlega til að byrja með. Það er svo smekksatriði eða eiginlega bara hvað er til í skápnum atriði, hvort notaður er grænmetis-, kjúklinga- eða nautakraftur. Auðvitað má nota alvöru beinasoð en það er þó ekki æskilegt. Líter af soði fer í pottinn með lauknum. Ná suðunni upp og hella rjómanum saman við. Hann fer í pottinn og í þetta er auðvitað notaður alvöru rjómi, bakararjómi ef hann finnst. Þegar rjóminn er svo við suðu er smjörbollan hrærð saman við með písk. Það þarf kannski ekki alla blönduna þannig að gott er að hræra hana í smáum skömmtum út í pottinn. Súpan þykknar svo líka örflítið þegar hún kólnar í skálinni. Hafa það í huga. Þetta magn af bollu ætti þó að vera nokkuð nærri. Ef súpan þykknar fullmikið er hægt að þynna hana aftur með smá mjólk.

Þegar búið er að þykkja fer blómkálið aftur út í og það látið hitna með súpunni. Gott að súpan hangi rétt undir suðu í korter-tuttugu mínútur. Smakka til með salti og pipar, en aðallega pipar þar sem krafturinn er, munið þið, stútfullur af salti.

Þessi súpa er svo, eins og svo margt, betri daginn eftir. Þá er komið blómkálsbragð af öllu, sterkjan búin að sjúga í sig allan þann vökva sem hún heldur og súpan verður alveg ótrúlega „hótelleg“ á bragðið.

Brauðið

Það þarf svo auðvitað ekki að taka það fram að þetta er forréttur, enda súpa ekki máltíð. Það þarf brauð með og eina brauðið sem er ásættanlegt kemur úr frysti. Nánar tiltekið frysti stórmarkaðanna eða jafn vel enn betra að fara í heildsölu og ná í sæmilegan sekk af frosnu brauði. Alls ekkert ljúffengt heimabakað hippabrauð hér. Hvítasta frosna bagúetteið sem finnst eða kannski frekar alveg skjannahvít smábrauð. Til að bollurnar haldist svo mjúkar og skorpulausar er gott að vefja þær hreinu viskustykki beint úr ofninum.

Svo er það smjörið. Það, eins og rjóminn, þarf að vera alvöru og það þarf að mjúkt. Og, fyrst við erum komin þetta langt í fræðin, er um að gera að þeyta það aðeins áður en þykku lagi er smurt á þarmakittandi, lungamjúka og hvíta brauðbolluna.

Það ætti svo ekki að þurfa að taka það fram en auðvitað eru kótilettur í raspi með lauksmjöri og kartöflum í aðalrétt. ■

“

En af því að við á þessari öld búum aðeins betur en meðal hótélkockur á þeirri síðustu, með aðgang að fersku grænmeti af nánast öllum tegundum, brúkum við ferskt grænmeti. Við ætlum þó heldur ekki að missa okkur í nútímanum og notum þess vegna gamla góða blómkálið.



Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis - haustið 2023

Sameyki í samstarfi við Framvegis miðstöð símenntunar býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu. Þetta haustið eru flestir viðburðir í húsi, ýmist hjá Framvegis Borgartúni 20, eða víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Fræðsla um súrdeig, fjármál, bollakökuskreytingar, samskipti á vinnustað og þrjónanámskeið verða á netinu og fá þátttakendur senda krækju á viðburði þegar nær dregur. Þau sem ekki eru vön fjarnámi eru hvött til að hafa samband við Framvegis og fá leiðbeiningar áður en viðburður sem þau skrá sig á hefst.

Nánari upplýsingar og skráning er á eftirfarandi slóð: framvegis.is/nam#gott-ad-vita.

Norðurland – Vestfirðir

Einnig býður Sameyki í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra, Símei, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fleiri stéttarfélag upp á fyrirlestra og námskeið. Þar má nefna námskeiðin Grunnur að góðu breytingarskeiði, Að kaupa sína fyrstu íbúð, Fræ er

Að gefnu tilefni!

Þegar þú skráir þig á námskeið hjá Framvegis vertu þá viss um að enda á að smella á „Skrá umsókn“ til að ljúka skráningarferlinu.

Vinsamlegast láttu vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt plássíð þitt á námskeið svo hægt sé að hleypa fólki inn af biðlista.

Hægt er að láta vita um forföll í gegnum netfangið helga@framvegis.is eða í síma 581 1900.

fjárstöður, Enska fyrir byrjendur, Klassískir eftirréttir og ýmis FabLab námskeið svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar og skráningu má finna á slóðinni sameyki.is/fraedsla/gott-ad-vita-namskeid/

Skráðu þig á Gott að vita námskeið á vef Framvegis.



Sveppatísla

Dagsetning: Miðvikudagur 13. september
Kl. 19:30-21:00

Lengd: 1,5 klst..

Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Vilundur Hansen

Fjallað um helstu sveppi í íslensku náttúru sem má nýta til matar, söfnun, meðhöndlun og geymslu. Sagt verður frá tíu bestu sveppunum og hvar þá er helst að finna. Einnig verður fjallað um þá sveppi sem ber að varast.



Brauðtertugerð og skreyting með skemmtilegum snúningi

Dagsetning: Fimmtudagur 5. október
Kl. 17:00-19:00

Lengd: 2 klst..

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Hjördís Dögg Grímarsdóttir

Farið verður yfir helstu grunnþætti brauðtertugerðar, salat verður búið til og sagt frá ýmsum útfærslum sem hægt er að fara í salat- og brauðtertugerð og skreytingum. Sýnikennsla hvernig hægt er að skreyta hefðbundna rúllutertubrauðertu á öðruvísi hátt með fallegum formum. Þátttakendur skreyta rúllubrauðertu með sínum hætti og taka með heim.



Út á ritvöllinn

Dagsetningar: Mánudagar 9. og 16. október

Kl: 18:00-20:00

Lengd: 4 klst..

Staður: Framvegis, Borgartúni 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Sunna Dís Másdóttir

Stutt ritlistarnámskeið þar sem þátttakendur gera ýmsar tilraunir með texta og skrif og öðlast aukið sjálfstraust á ritvöllinum. Hér er hvorki einblínt á stafsetningu né málfraði heldur skrifagleði og sköpun. Fyrri kvöldið spreya þátttakendur sig á ýmsum ritlistaræfingum en á seinna kvöldinu verður sjónum beint að hinu skemmtilega formi örsögum og möguleikum þess.

Förðun og umhirða húðar

Dagsetning: Þriðjudagur 10. október

Kl. 18:00-20:00

Lengd: 2 klst..

Staður: Framvegis, Borgartún 20.

Leiðbeinandi: Heiðis Einarsdóttir

Stutt námskeið í förðun og umhirðu húðarinnar bæði fyrir og eftir förðun. Í lokin fá öll tíma með Heiðisi við að fara yfir snyrtidóti sitt og biðjum við ykkur um að taka það förðunardót með ykkur sem þið eruð að nota eða eigið.

Hámark 10 þátttakendur.

Bollakökuskreytingar

Dagsetning: Fimmtudagur 12. október

Kl. 17:30-19:00

Lengd: 1,5 klst..

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Hjördís Dögg Grímarsdóttir

Farið verður yfir helstu atriði sem skipta máli við bollakökubakstur og skreytingar.

Námskeiðið er uppbyggt með það í huga að þátttakendur geti bakað og skreytt á sama tíma og þeir horfa og hlusta.

Innkaupalisti verður settur við kynningu námskeiðsins á heimasíðu Framvegis fyrir þau sem vilja taka þátt í námskeiðinu með því að baka heima. Einnig er velkomið að fylgjast með án þess að baka og skreyta.

Grunnur í útivist og fjallgöngum

Dagsetning: 17., 19. og 23. október

Kl. 17:00-21:00/22

Lengd: 13 klst..

Staður: Fyrri tveir tímarnir verða hjá Framvegis, Borgartúni 20 og sá síðasti úti í náttúrunni.

Leiðbeinandi: Guðmundur Örn Sverrisson

Á námskeiðinu er farið yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga þegar kemur að almennri útivist og fjallgöngum s.s. undirbúningi ferða, búnaði, öryggi, næringu, kortalestur, umhirðu útivistarúnaðar, þjálfun, leiðarvali, lestri veðurspá og skóreimingar svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðið er í senn bóklegt og verklegt.

Marokkó fyrir ferðamenn

Dagsetning: Mánudagar 18. og 25. október og 1. nóvember

Kl: 17:30-19:30

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3ja hæð
Leiðbeinandi: Sonja Jósefssdóttir

Á þessu námskeiði fjallar Sonja, sem er frá Marokkó, um ýmsa þætti sem gera undirbúning ferðarinnar auðveldari og ferðina sjálfa jafnvel ánægjulegri. Fjallað verður um landfræði og sögu, helstu ferðamannastaði, matarmenningu og margt fleira.

Kyrrðargöngunámskeið

Dagsetningar: Mánudagur 23. og 30. október og 6. nóvember

Kl. 17:00-19:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Saga Storyhouse, Flatahraun 3, 2. hæð, Hafnarfirði

Leiðbeinendur: Eigendur fræðslufyrirtækisins Saga Story House, Guðbjörg Björnsdóttir og Ingibjörg Valgeirsdóttir

Aftur bjóðum við upp á hinar vinsælu kyrrðargöngur eða hæglætisgöngur þar sem gengið verður um náttúruperlur. Fyrir hverja göngu verður fræðsla um áhrif náttúru á jákvæða heilsu; velliðan, endurheimt og streitulosun. Hver tími hefst á fræðslu og svo er ekið í 5-10 mínútur að gönguleiðum.



Persónuleg fjármál

Dagsetning: Þriðjudagur 24. október

Kl. 17:00-19:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson

Rætt verður um ýmsar hliðar persónulegra fjármála, frá skuldum og eignum að daglegum útgjöldum og undirbúningi fyrir kostnaðarsöm tímabil á lífsleiðinni. Sérstök áhersla verður lögð á færni við að haga fjármálum eftir aðstæðum hverju sinni, bregðast við breytingum og fylgjast með þróun í efnahagslífinu. Gefnar verða gagnlegar ábendingar varðandi lántöku, sparnað og uppbyggingu lífeyris svo eitthvað sé nefnt.

Lærðu að þrjúna lopapeysu

Dagsetningar: Fimmtudagar

26. október, 2., 16. og 23. nóvember

Kl. 19:00-20:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Tinna Laufdal

Fimm vikna netnámskeið þar sem þátttakendur þrjúna íslenska lopapeysu. Við þrjúnum saman alveg frá því að fitja upp til fullkláraðs stykkis. Þátttakendur fá aðgang að yfir 30 myndskleiðum sem hægt er að spila og stöðva að vild. Einnig er aðgangur að lokuðu samfélagi á Facebook þar sem hægt er að fá aðstoð og hvatningu. Athugið að það er heimavinna líka.

Ein á ferðalagi – Ævintýri handan við hornið

Dagsetning: Þriðjudagur 31. nóvember

Kl. 19:00-22:00

Lengd: 3 klst.



Staður: Framvegis, Borgartún 20.

Leiðbeinandi: Guðrún Ólafsdóttir

Námskeið fyrir alla áhugasama um að ferðast einir og fyrir þá sem vilja fá hvatningu og innblástur til að leggja af stað einir á vit ævintýrana.

Að ferðast ein eða einn er allt öðruvísi en að vera með öðrum á ferð. Frelsi til að gera það sem hugurinn vill hverju sinni án þess að hafa áhyggjur af öðrum.

Aðsig - sjálfsskoðun, tækifæri og áráðni!

Dagsetning: Fimmtudaga 2., 9. og 16. nóvember

Kl. 17:00-20:00

Lengd: 9 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir

Námskeið fyrir þá sem vilja taka stöðuna í lífinu, velta fyrir sér styrkleikum og draumum og spá í framtíð. Fléttaðar eru saman ýmsar aðferðir úr sálfræði (sérstaklega jákvæðri sálfræði), náms- og starfsráðgjöf og verkefnastjórnun allt með það að markmiði að þátttakendur fái sem mest út úr eigin sjálfsskoðun.



Samskipti á vinnustað

Dagsetning: Þriðjudagur 7. nóvember

Kl. 19:00-21:00

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður.

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman

Á námskeiðinu er fjallað um einkenni góðra samskipta á vinnustað. Farið er í leiðir til að auka jákvæðni og orku. Byggt er m.a. á bókunum How full is your bucket? og Fish! A Remarkable Way to Boost Morale and Improve Results.

Súrdeigsbakstur

Dagsetning: Miðvikudagur 8. nóvember

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður

Leiðbeinandi: Ragnheiður Maisól Sturludóttir

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu þætti súrdeigsbaksturs, hvernig á að hugsa um og viðhalda súrdeigi og hvaða tæki og tól þarf og þarf ekki að eiga. Þátttakendur læra helstu handtökinn við að baka einfalt og bragðgott súrdeigsbrauð heima hjá sér auk

þess sem farið verður yfir hversu fjölbreyttar og ólíkar uppskriftir baka má úr súrdeigi.

Bridge námskeið

Dagsetningar: Mánudagar

13., 20. og 27. nóvember

Kl: 19:00-22:00

Lengd: 9 klst.

Staður: Framvegis, Borgartúni 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Inda Björnsdóttir

Byrjað alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður Standard-sagnkerfisins. Það er fólk á öllum aldri sem sækir námskeið sem þessi og ekkert mál að mæta stakur/stök. Námskeiðið er í samstarfi við Bridgesamband Íslands.

HAM námskeið

Dagsetningar: Þriðjudagur 14., 21. og 28. nóvember

Kl. 18:00-20:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartún 20

Leiðbeinandi: Guðbjörg Danielsdóttir

Námskeiðið er stytt útgáfa af HAM, hugrænni atferlismeðferð, þar sem þátttakendur fá kynningu á helstu hugtökum og aðferðum og fá tækifæri til að gera æfingar í tímum og heima. Þátttakendur læra m.a. að skilja betur samspil hugsana, tilfinninga, líkamsviðbragða og hegðunar sem stjórna líðan okkar.

Krítartöfluteikning

Dagsetning: Miðvikudagur 15., 22. og 29. nóvember

Kl. 19:00-21:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Borgartúni 20, 3. hæð

Leiðbeinandi: Ingi Vífill

Þátttakendur verða leiddir inn í undraheim leturteikningar þar sem þeir kynnst helstu reglum, venjum og hefðum krítartöfluteikningar. Námskeiðið samanstendur af jafnri blöndu af verklegum æfingum og fræðslu um letur og týpógrafi.

Kimchi

Dagsetningar:

Fimmtudagur 30. nóvember

Kl. 18:00-21:00

Lengd: 3 klst.

Staður: „Súrkálshöllin“ Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði, bakhús fyrir aftan PGV

Leiðbeinandi: Dagný Hermannsdóttir

Bráðskemmtilegt, fræðandi og bragðgott námskeið.

Innifalið í námskeiðinu:

- Fyrirlestur og verkleg kynsla
- Allt hráefni
- Kvöldsnarl með alls kyns súrkáli í aðalhlutverki
- Bæklingur með uppskriftunum
- Stór krukka af kimchi

Konfektnámskeið

Dagsetning: Mánudagur 4. desember

Kl. 18:00-19:45

Lengd: 1,5 / 2 klst.

Staður: Borgartún 22, efsta hæð (fyrrum salur Flugvirkjafélags Íslands).

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson

Hver og einn þátttakandi býr til sitt eigið konfekt. Þátttakendur læra að tempa bæði dökkt og ljóst súkkulaði (mjólkursúkkulaði). Innifalið er kynsla, afrakstur kvöldins innpakkaður í plast og konfektförm til að taka með sér heim. Tilvalið að læra að útbúa sitt eigið konfekt fyrir jólin.

Vilja hunsa nauðgun í tilskipun um ofbeldi gegn konum

Evrópuráðið vill fjarlægja refsíákvæði um nauðgun úr drögum í tilskipun í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi, nauðgun og áreitni gegn konum, bæði á vinnumarkaði og á heimilum. Samtök evrópskra verkalýðsfélaga, ETUC, fordæma ákvörðun sumra aðildarríkja sem reyna fela viðhorf sín með fölskum rökum að enginn grundvöllur sé fyrir refsíákvæðinu; að refsilög landanna sjálfra vegna nauðgunar og ofbeldis gegn konum verði látin gilda.

Tillögur Evrópuráðsins taka heldur ekki á öryggi kvenna á vinnustöðum með því að:

1. Taka út skilgreininguna á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum úr lögnum og breyta ákvæðunum sem teljast til kynferðislegrar áreitni á vinnustað „þegar hún telst refsiverð samkvæmt landslögum“.
2. Að gefa verkalýðsfélögum ekkert hlutverk í að koma í veg fyrir og taka á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og að viðurkenna ekki heimilisofbeldi né netofbeldi á vinnustað sem vandamál.
3. Afnema hlutverk heilbrigðis- og öryggisfulltrúa og áhættumats í forvörnum gegn ofbeldi, sem var innifalið í upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Isabelle Schömann, aðstoðarframkvæmdastjóri ETUC, sagði vegna þessa: „Viðleitni ráðsins til að fjarlægja refsíákvæði nauðgunar úr tilskipun um að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum eru átakanleg og senda algerlega röng skilaboð. Sum aðildarríkin eru að reyna að fela sig á bak við að lögin séu löndum þeirra of flókin og úrvinnsla erfið, en raunveruleikinn er einfaldlega sá að slík framgangna fulltrúa þessara ríkja er bara þægileg afsökun fyrir skort á pólitískum vilja til að hafna ofbeldi gegn konum. Og það er einfaldlega skammarlegt.“

Á sama tíma og allt að tveir þriðju hlutar kvenna á vinnumarkaði



Óvelkomin kynferðislegar beiðnir og önnur óvelkomin hegðun af kynferðislegum toga hefur tilhneigingu til að skapa fjandsamlegt, erfitt og slæmt vinnuumhverfi.

verða fyrir ofbeldi og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum er ákvörðun um að afnema allar ráðstafanir til að gera störf kvenna öruggari á vinnumarkaði algjörlega ábyrgðarlaus. Þessi tillaga sem unnið er nú gegn af sumum aðildarlöndum er hins vegar gott og framsækið tækifæri til að sameina reglur gegn hvers kyns ofbeldi gegn konum í metnaðarfulla tilskipun sem veitir konum hámarksvernd hvar sem þær starfa og lifa innan Evrópusambandsins.

Við skorum á fulltrúa Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar að berjast hart í þessum þríhliða viðræðum fyrir því að tilskipunin verði að veruleika óbreytt til að tryggja öryggi kvenna á vinnumarkaði.“ ■

Innan ETUC starfar lögbundin kvennanefnd, stofnuð árið 1975, og samanstendur af sérfræðingum sem starfa á sviði jafnréttismála frá öllum aðildarfélögnum. Nefndin kemur saman tvisvar á ári í Brussel, tekur afstöðu til mála er varða jafnrétti kvenna og karla og fylgist með framkvæmd kynjasambættingar í stefnum ETUC.



Nýr opnunartími skrifstofu Sameykis

Breyttur opnunartími á skrifstofu Sameykis tók gildi 1. maí sl. Opið er á skrifstofunni á virkum dögum frá klukkan 9:00-15:00 og á föstudögum frá klukkan 9:00-13:00. Gildir nýr opnunartími bæði fyrir símsvörur og skrifstofu.

Félagsfólki er bent á þjónustusiðu Sameykis, Mínar síður, þegar sótt er um orlofshús, styrki, sjúkrasjóð og ýmsa aðra þjónustu félagsins. ■

Finni finnst gott mál að halda vöruverði háu og hagnast á launafólki

Finni Oddssyni, forstjóra Haga, finnst ekki nema sjálfsgagt að á Íslandi sé hæsta vöruverðið þar sem launafólk hér á landi sé með svo góðar tekjur [sic]. Raunin er sú að Finnur er einn af þeim forstjórum hér á landi sem réttlætir ofurgróða síns fyrirtækis á baki launafólks á reglulausum frjálsum markaði. Samkvæmt verðlagseftirliti ASÍ kemur fram að matarverðið sem Finnur finnst svo eðlilegt og sjálfsgagt er hvergi hærra en hér á landi samkvæmt Eurostat, tölfraeðistofnun Evrópusambandsins. Þar kemur fram að matarverð á Íslandi, sem mikið til er stjórnað af Högum, er þriðja hæsta innan Evrópusambandsins. Það er aðeins hærra í Noregi og Sviss en það er mjótt á mununum á matarverði þessara þriggja landa. Hins vegar kemur Danmörk langt á eftir okkur, eða með 20 prósent lægra matarverð en hér á landi.



Finnur Oddsson, forstjóri Haga.

Finni finnst sjálfsgagt að þjónust á böllum launafólks og hirða milljarða af því á íslenskum fákeppnismarkaði. Stjórnvöld þurfa að stuðla að samkeppni og setja Finnur og félögum hans á matvörumarkaðnum regluverk um hvað matarverð geti hækkað mikið á ársgrundvelli. Viðhorf Finns Oddssonar til íslensks samfélags er hluti af þeim vanda sem stuðlar að fákeppni, einokun og kaupmáttarrýrnun. ■

Segir ríkisstjórnina þjóna bara fáum útvöldum

Á vef Heimildarinnar nýverið birtir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, pistil undir heitinu, Nóg til frammi?, og segir þar frá dæmisögu úr boðinu þar sem fleygt er fram setningunni „það er nóg til frammi“, oftast af konum, mæðrum þessa lands

og vísar til þess að þær hafa gætt þess að okkur líði vel, allir fá nóg og engin sé hafður útundan. Sonja Ýr kallar eftir því í pistli sínum að ef fleiri einstaklingar hefðu þetta viðhorf, ekki síst ríkisstjórn Íslands

sem formaður BSRB segir að horfi fram hjá því að sumir í boðinu þar sem nóg er til frammi hrúgi á diskinn sinn með þeim afleiðingum að lítið sem ekkert verður eftir fyrir aðra. Það sé ekki jöfnuður heldur tillitsleysi gagnvart öðru fólki – hinum gestunum í boðinu.

„Misskipting tekna og eigna fer vaxandi og sú mikla samþjöppun auðs sem er að verða hér á landi er skaðleg fyrir samfélagið, ýtir undir stéttaskiptingu, dregur úr félagslegri samheldni og eykur hættu á misbeitingu pólitísku valds. Stjórnvöld horfa þannig fram hjá því að sumir hrúga á diskinn sinn í boðinu með þeim afleiðingum að lítið verður eftir fyrir aðra. Sumum er svo einfaldlega ekki boðið að vera með.“

Sonja Ýr segir að þannig sé komið með stjórn efnahagsmála hjá ríkisstjórninni sem könnun Vörðu – rannsóknarstofnun vinnu- og atvinnuástandarinnar staðfesti að tæplega helmingur vinnandi fólks á erfitt með að ná endum saman og býr við þungar byrðar m.a. vegna hækkandi húsnæðiskostnaðar.

Þá gagnrýnir Sonja Ýr harðlega stjórnvöld, atvinnurekendur, ráðherra ríkisstjórnarinnar og seðlabankastjóra fyrir að beita almenning hræðsluáróðri. Þá segir hún að krafist verði jöfnuðar í næstu kjarasamningum, að allir fái nóg á diskinn sinn í boðinu og að verkalýðshreyfingin muni gera kröfur um nauðsynlegar samfélagsbreytingar. Brauðmolakenningin sé úr sér gengin, breyta verði því hvernig tekjuöflun ríkisins er háttáð og losa þurfi þjóðina úr fjötrum úreltrar efnahagsstjórnar sem þjónar bara fáum en ekki öllu samfélaginu.

„Sami gamli söngurinn um að launafólk megi ekki gera of miklar kröfur er þegar hafinn hjá atvinnurekendum og ráðherrum, auk seðlabankastjóra – en svo virðist sem allar fjárhirslur tæmist heppilega rétt fyrir hverja kjarasamningslotu. Hræðsluáróðurinn byggir að sjálfsgöðu á mótstöðu þeirra við breytingar í átt að aukinni valddreifingu og tilfærslu á fjármagni frá þeim fáu til þeirra mörgu. Kröfur verkalýðshreyfingarinnar í aðdraganda næstu kjarasamninga felast í uppstokkun á þessu öllu. Það verður jöfnum höndum að tryggja kjarabætur í gegnum launaumslagið og mikilvægar samfélagsbreytingar til að bæta lífsskilyrði fyrir öll. Þar munu brauðmolar ekki nægja til heldur þarf að tryggja að öll fái boð í veisluna og fái nóg á diskinn sinn í samfélagi meiri jöfnuðar og manngæsku.“ ■

Krossgátulausn



VOL TILPRA **G** SVIPNOT SPAÐ MISUN- ANGI **Y** SKIR- SKOTAN VIBALL **V**
 ÖRN VÍÐNA **H** R **Á** G **Ú** M **M** Í TILRÖ **I**
 FANGLA **R** **Á** F A OLITTR **S** **Á** S T
 ÖÐR VÖÐ **T** **Ó** T E M VERKBERI **A** L U R
 TRE **F** U R A MED- VITUND KRATTA **R** **Æ** N A
 LOKI **F** U R A MED- VITUND KRATTA **R** **Æ** N A
 ↓ **O** RAO MÖNNUM ILÁT STÖKKNA SAMLEYSI **H** A R **Ð** N A VIJLA **Ð** ÖLI U
 STEINKJA SÖNNMÁL **B** R A S A GOJARN STRIT HLÁTER ÖÐURTT **F** L I S S
A U G S **Y** N SNEJLA S P **Ó** L A BÖRRA FÓLKA **E** T
 HILLA FÉDKIN **R** E K K I NYM- ANGI ZÁBALLEYSI **K** **Ú** G A N D I VIENA
Æ T L U N F E L A KK MÆN GRIND **G** O **Ð** I
 HUGLAUS SKÖÐUÐ **Ú** R A G U R ORAÐ GAS **G** R A F I **Ð**
 Í RÖD **R** S HUGDAST **Ó** M I N N I VED N **I** ÞRÖTT **J**
B **Æ** N U M NYNDAR- SKRUFUR HLÍFA SLATA **E** S P A R A
 LANSAN TAND- MÁL **R** **Ú** N A HÖGÞYR TVEIR EINS **R** O T T A UPPRÆTA **A** ENDR- BÆIR
S **I** **Ð** A N ARFERA LÍFA **G** E N A ABBIFA LESTU NYLÉÐRI **N** **Ú** L L
 VISTA NYEMA **R** S A G G I FÉLI NYGINDI **P** Y T T L A
 BEKKIR STJLSERI **S** E T FOUL FÖLL MÁLMUR **S** V A N U R EPLA **G**
Y K I AÐGÁT I RÖD **G** **Æ** T N I ÖVETTUR I RÖD **G** R **Y** L A
 AÐ- STREVI **A** R M **Æ** **Ð** I LÖG **T** **Á** R **M** **Ó** R
 ÁRNE **A** N S A N S LANA SESSI **B** I L A **Ð**

Lausnaroröð er **Æðabla**r



Sudoku-lausnir



5	4	8	2	6	1	7	9	3
7	6	3	8	9	4	1	5	2
9	1	2	5	3	7	8	4	6
4	5	6	3	1	2	9	7	8
2	8	9	6	7	5	4	3	1
1	3	7	9	4	8	6	2	5
3	9	4	1	2	6	5	8	7
8	7	1	4	5	3	2	6	9
6	2	5	7	8	9	3	1	4

Lausn létt

8	1	3	6	5	4	2	9	7
6	9	5	2	8	7	4	1	3
4	7	2	1	3	9	8	6	5
2	3	8	7	9	6	5	4	1
7	4	1	8	2	5	6	3	9
5	6	9	4	1	3	7	8	2
9	5	6	3	4	2	1	7	8
1	2	4	9	7	8	3	5	6
3	8	7	5	6	1	9	2	4

Lausn miðlungs

8	2	9	5	7	4	3	6	1
5	4	3	2	1	6	8	7	9
1	6	7	8	9	3	2	5	4
4	7	8	9	3	2	6	1	5
3	9	1	7	6	5	4	8	2
6	5	2	4	8	1	9	3	7
9	8	5	6	4	7	1	2	3
2	1	6	3	5	9	7	4	8
7	3	4	1	2	8	5	9	6

Lausn erfið

9				3				
8								
		2		4	8	7		3
3	9		4			1		2
		1	9		5	6		
7	6						5	9
	8							5
6			5	1		2		4
5				9	2		6	

Létt


5			7			2	9	1
1				5			4	
	3			6				
4								
7			6			1	3	
		2				8	5	
	9			8	5			
6			3		4			

Miðlungs

6			3					
			7	4				8
		9	8			3	1	
		4				8	7	
								9
8	5	2						
		8		6				
4					1	3	9	
			7		3	6		

Erfið

Sudoku-prautin felst í að leysa hana með því að fylla út í reitina, í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.




Vinningshafi krossgátunnar



Atli Pálsson var dreginn út í lukkuhjóli krossgátulausnarinnar að þessu sinni. Hann sendi inn ásamt 130 öðrum lausnarorðið sem er **Æðabla**r. Atli starfar á Borgarbókasafninu í Gerðubergi hjá Reykjavíkurborg og hefur verið starfandi þar í tvö ár. „Þetta eru alveg frábærar fréttir en ég er núna í útlöndum í frí og ég held að ég þiggi peningagjöfina sem kemur sér vel núna. Satt að segja höfum við pabbi minn hjálpast að við að leysa krossgátur síðan ég fór að hafa áhuga á þeim. Yfirleitt gengur mér vel að leysa krossgátur en þegar það verður strembið hjálpar pabbi til.“

Atli er menntaður í myndlist frá LHÍ og málar hann olíumálverk og skapar skúlptúra með starfinu. „Ég næ að blanda þessu öllu saman en ég starfa í hlutastarfi hjá Reykjavíkurborg og sinni líka listinni. Þetta var óvænt því ég var búinn að gleyma að ég sendi inn lausnina. Ég þakka fyrir mig. Gaman að fá vinninginn,“ sagði Atli. Sameyki óskar Atla innilega til hamingju með vinninginn og óskar honum velfarnaðar. ■

		HEIMS- ÁLFA	SKJÖGRA	ELDSNEYTI KIRTILL		EFNI BRÚSKUR	ÞENSLU	
	YTRA		1					FÆDDAR
	HÓPUR					YFIR- HÖFN		
	GLUFA					SKURN		
	SKRÁNING					ÆR STÆKKA		
	↓	ÁSKOTNAST	GODSÖGN RABB	SAM- STÆÐA		TVÍHLJÓÐI MÆLI- EINING	ÁTT HLJÓÐ- FÆRI	
AFOXA					2	BARNA- HJAL	RUDDI	
VAFIN				LJÓS	LITAR- EFNI SKADDAST		LEND	DUGLEGUR KYK NAFN
FUGL		SKRAFA HINDRA			FÉLAG TRJÁSTOFN		3	
				UPP- HRÖPUN DANA			STALLUR VINKONA	
						FARMUR NEINN		
	SNÆ- LEIFTUR		GRUNA KÆR- LEIKUR		FARVEGUR VEDRUN		TVEIR EINS ÞJÁLFA	
LÍTID					FRÁSAGNA LÓUKVAK	4		
PEFA				GJALDA SMÁ- STEINN		5	BISNESS	YNDIS- ÞOKKI BÁTUR
ALPÝÐU		GUDSHÚS		VOL		ÁKÆRA	FJÖTRADI	
					RÆKI- LEGAR ILMA			BRÁÐLYND IDUKAST
STAFUR				ÚRRÆÐI			JURT	
BAUKUR				SKJÖN			SÆTI	
				MENNTA HVÍLST			KORR	7
HALLI						KLÍNA	6	
	ADSTÆÐUR						NÖTRA	

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. nóvember næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (20.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum

félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagjö „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is ■

NÝJAR MÍNAR SÍÐUR SAMEYKIS



Mínar umsóknir

Hér má finna umsóknir um styrki sem félagsfólk hefur sent inn, hvort sem þær eru í vinnslu eða afgreiddar. Nálgast má þau fylgiskjöl sem hanga á umsókninni og bæta við fylgiskjöllum og senda skilaboð til nánari útskýringar með því að smella á punktana þrjá undir skoða.



Samskiptaskilaboð

Hér er hægt að senda fyrirspurnir til skrifstofu um kjara- og réttindamál, orlofshús og auðvitað allar almennar fyrirspurnir. Starfsfólk Sameykis svarar síðan fyrirspurnum og félagsfólk fær tölvupóst um að ný skilaboð bíði inni á Mínunum síðum. Þarna er því hægt að halda utan um skilaboðin á einum stað.

Umsókn um styrki

Hér er hægt að senda um umsóknir um heilsu- og forvarnarstyrki, sjúkradagpeninga og fræðslustyrki. Til að hægt sé að afgreiða umsóknina er nauðsynlegt að hengja fylgigögn á umsókn í umsóknarferlinu, eins og t.d. greiðslukvittanir, reikninga, launaseðla, vottorð og fræðsludagskrá.



Mínar síður

Markmið með Mínunum síðum er m.a. að félagsfólk geti sent inn umsóknir um styrki og fyrirspurnir þegar þeim hentar þar sem öryggi persónuupplýsinga þeirra er tryggt. Einnig að gefa félagsfólki yfirsýn yfir stöðu sína hjá Sameyki.

